# FRÉTTABLAÐIÐ

109. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 10. MAÍ 2016




**Á leið burt** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og hundurinn Sámur eru hér á göngu fyrir utan Bessastaði í loks annasams dags. Í gær tilkynnti Ólafur að hann væri hættur við framboð sitt til forseta en það er sama niðurstaða og hann komst að í nýársávarpi sínu. Í lok kjörtímabilsins mun Ólafur Ragnar hafa setið á Bessastöðum í 20 ár en hann var fyrst kjörinn til embættis árið 1996. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Vont að vanmeta Davíð

**Heilmiklar sviptingar og nýjustu vendingar í baráttunni um Bessastaði síðastliðna daga hafa orðið til þess að öll spil eru enn á borðinu að mati prófessors.**

**STJÓRNMÁL** „Ólafur hefur notað þá taktík að leyfa óánægjuröddunum að blása og koma svo í lok umræðunnar og svara mjög kröftuglega til baka. Það hefur gagnast honum vel. Núna virtist það einfaldlega ekki ganga,“ segir Baldur Þórhallsson, stjórnmálfræðiprófessor við Háskóla Íslands. Í gær birti MMR könnun sem sýndi að fylgi Ólafs hefði hrunið um 27 prósentustig. Guðni mæltist með 59,2 prósent. Í kjölfarið barst tilkynning um að Ólafur hefði dregið framboð sitt til baka.

Könnun MMR gerði ekki ráð fyrir Davíð Oddssyni, nema að litlum hluta. Davíð bauð sig fram á sunnudag. „Ef maður ber saman málflutning fráfarandi forseta og Davíðs Oddssonar, þá er hann áþekkur. Það má gera ráð fyrir að þeir höfði að einhverju leyti til sama kjósendahóps. En Guðni er vissulega í mjög sterkri stöðu samkvæmt þessari könnun,“ segir Baldur.

„Það verður fróðlegt að sjá hvað Davíð gerir. Ég held að keppinautum hans beri að varast að vanmeta hann. Það var ekki sá beitti penni sem setið hefur í Hádegismóum sem talaði á Bylgjunni á sunnudag. Það var í raun hinn alltumlykjandi faðmandi faðir sem ætlaði að sameina frekar en að sundra. – snæ, shá/ sjá síðu 4

> Davíð hefur sýnt það í kosningabaráttu að hann getur höfðað til breiðs kjósendahóps þegar hann leggur áherslu á að sameina en ekki sundra.

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði.



## Eiður Smári fer með til Frakklands

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfarar karla í fótbolta, kynntu í gær 23 manna hópinn sem fer til Frakklands í sumar á Evrópumótið en þar tekur karlalandsliðið í fyrsta sinn þátt í stórmóti.

Eiður Smári Guðjohnsen er í hópnum en ekki voru allir vissir hvort markahæsti leikmaður landsliðsins frá upphafi færi með eftir að hann var ekki valinn í síðasta hóp.

Fastamenn á borð við Gunnleif Gunnleifsson, Ólaf Inga Skúlason og Sölva Geir Ottesen þurfa að sitja eftir heima. - tom / sjá síðu 16




### Fréttablaðið í dag



**LÍFIÐ** Heiða Reed er orðin fastagestur á rauða dreglinum, nú síðast á afhendingu Bafta-verðlaunanna á sunnudag. 28

**FRÉTTIR** Íslendingar flytja enn úr landi þrátt fyrir uppgang. 8

**SKOÐUN** Barnabætur eru nánast eins og styrkur til fátækra, skrifar Oddný G. Harðardóttir. 14

**LÍFIÐ** Logi Pedro og Unnsteinn Manuel Stefánssynir semja tónlist fyrir heimildarmynd um íslenska landsliðið. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● EUROVÍSIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Allhvöss suðvestanátt um landið norðvestanvert í dag, en annars hægari vindur. Áfram bjartviðri um meginhluta landsins, en vestan til verður skýjað og dálítil súld á stöku stað. Milt í veðri. SJÁ SÍÐU 20



**Jóhannes Kr. Kristjánsson og Aðalsteinn Kjartansson, eigendur Reykjavík media.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Panama-skjölin opin almenningi

**FJÖLMIÐLUN** Hluti Panama-skjalanna er nú aðgengilegur almenningi á vef miðilsins Reykjavík Media rme.is. Um er að ræða gagnagrunn sem virkar eins og hver önnur leitarvél, að sögn Aðalsteins Kjartanssonar blaðamannsins. „Fólk getur slegið inn nöfn einstaklinga, félaga eða banka. Ef þetta tiltekna nafn er í þeim hluta gagna sem er verið að birta núna þá er hægt að skoða tengslin sem þar eru. Þetta er efsta lagið af þessum aflandsgögnum.“

Skjölin sjálf verða ekki birt og þá liggja sjaldan fyrir upplýsingar um prókúruhafa félaga.

Aðalsteinn hefur trú á því að gögnin verði uppspretta frétta á næstu dögum og vikum.

Reykjavík Media óskaði nýlega eftir aðstoð almennings og ábendingum um aflandsfélög í eigu íslenskra útgerðarmanna. „Við erum almennt að fá mjög mikið af ábendingum. Það er fullt af fólki með gögn sem skipta máli og við erum búnir að sýna fólki að okkur er treystandi og að við vinnum faglega. Við erum óhræddir við að missa af einhverjum skúbbum. Það er auðvitað gaman að skúbba en þetta er miklu stærra mál en það.“
**– snæ**

> **Við erum almennt að fá mjög mikið af ábendingum. Það er fullt af fólki með gögn sem skipta máli.**
>
> Aðalsteinn Kjartansson blaðamaður.

# Álfasala hefst í dag



**Álfurinn fyrir unga fólkið** Árleg álfasala SÁÁ hefst í dag og stendur til sunnudags. Hún er nú haldin í 27. skipti en sala álfanna er stærsta fjáröflunarverkefni SÁÁ ár hvert. Allur ágóði af sölunni rennur til þjónustu SÁÁ við ungt fólk, svo sem meðferð og sálfræðiaðstoð barna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Airbnb bjóði upp á afþreyingu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Forsvarsmenn Airbnb leita leiða til að gera gestum og hýsendum kleift að stunda afþreyingu saman. Hýsendur geti veitt gestum leiðsögn um staði og iðkað íþróttir til dæmis.

Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, segist ekki óttast áhrif þessa á ferðaþjónustuna. Hún bendir á að áttatíu prósent af ferðamönnum komi hingað á eigin vegum og það sé jákvætt að ferðamenn fái leiðsögn Íslendinga sem veiti þeim húsaskjól.

„Ferðaþjónustuaðilar hérlendis skila auðvitað öllum sínum sköttum og skyldum til samfélagsins, maður hefur helst áhyggjur af því að skattar Airbnb, sem er hýst erlendis, muni renna til einhvers annars,“ segir Áshildur. **– sg**

# Sér tormerki á sambúð á hjúkrunarheimilum

**Frumvarp sem tryggja á fólki á hjúkrunarheimilum samvistir við maka vekur ótal spurningar segir í umsögn frá Mosfellsbæ. Áhyggjuefni sé að makinn sem betur er á sig kominn gæti orðið fyrir of miklu álagi og einangrast félagslega.**

**FÉLAGSMÁL** Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar segir frumvarp til laga, sem ætlað er að tryggja eldri borgurum áframhaldandi sambúð þótt annar makinn þurfi að dvelja á stofnun, vekja upp ótal spurningar.

Um er að ræða frumvarp frá þremur þingmönnum Vinstri grænna sem vilja festa í lög að sá sem dvelur til langframa á stofnun fyrir aldraða eigi kost á því vera samvistum við maka sinn þar.

„Sá réttur er ekki tryggður nú og því geta öldruð hjón eða sambýlisfólk þurft að slíta samvistum gegn vilja sínum þegar svo er komið fyrir öðru þeirra að langtímadvöl á stofnun fyrir aldraða er nauðsynleg. Aðskilnaðurinn getur reynst þeim og aðstandendum þungbær og því mikið hagsmunamál aldraðra að tryggja rétt sinn til áframhaldandi sambúðar,“ segir í greinargerð með frumvarpinu.

Unnur V. Ingólfsdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar, segir í umsögn, sem bæjarráðið þar samþykkti, að frumvarpið feli í sér mikilvægt mannréttindasjónarmið.

„En leiðin sem lögð er til með búsetu þess maka/sambúðaraðila sem hressari er á hjúkrunarheimili vekur óhjákvæmilega ótal spurningar um hversu heppilegt slíkt form er,“ segir Unnur sem einnig kveður aðlögunartímann fram til 1. janúar 2018 vera of stuttan vegna fjölmargra hindrana sem ryðja þurfi úr vegi.

Unnur segir viðvarandi skort á hjúkrunarrýmum og rekstrarvanda hjúkrunarheimila ekki gefa tilefni til breytinganna sem lagðar eru til nema unnið sé á þeim vanda.



**Um 42 prósent karla og 28 prósent kvenna flytja inn á hjúkrunarheimili fyrir 80 ára aldur að sögn Unnar V. Ingólfsdóttur. Myndin er af Hrafnistu.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Tryggt þarf einnig að vera að hann hafi í einhver hús að venda falli veikari makinn frá en sé ekki tilneyddur til að búa áfram á hjúkrunarheimili.**
>
> Unnur V. Ingólfsdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar

„Fyrirkomulag búsetu maka á hjúkrunarheimili þarf einnig að vera með þeim hætti að tryggt sé að það íþyngi ekki þeim sem ekki er í þörf fyrir þjónustu hjúkrunarheimilisins. Tryggt þarf einnig að vera að hann hafi í einhver hús að venda falli veikari makinn frá en sé ekki tilneyddur til að búa áfram á hjúkrunarheimili,“ segir í umsögn Unnar og þar með Mosfellsbæjar.

Þá bendir Unnur á að koma þurfi í veg fyrir að sá makinn sem betur er á sig kominn njóti þjónustu umfram sínar þarfir því það geti skert færni viðkomandi, stuðlað að félagslegri einangrun og staðið í vegi fyrir því að þeir sem séu í þörf fyrir þjónustu njóti hennar. Fleiri karlar en konur flytji inn á hjúkrunarheimili fyrir 80 ára aldur.

„Það eru því meiri líkur á því að konur séu í hópi þeirra einstaklinga sem velja að flytja með maka sínum á hjúkrunarheimili ef frumvarpið yrði að lögum,“ segir Unnur. Af reynslu af tilraunaverkefni á Hrafnistu í Kópavogi hafi stjórnendur ekki talið fyrirkomulagið heppilegt.

„Ástæða var talin til að hafa áhyggjur af maka sem flytti inn á heimilið án þess að vera í þörf fyrir svo víðamikla umönnun sem þar er í boði. Beindust þær að því að makinn fengi ekki næga hvíld og að aðstæður drægju úr færni hans og stuðlaði að félagslegri einangrun,“ segir í umsögninni.
**gar@frettabladid.is**




BAULAÐU NÚ
EF ÞÚ ERT MEÐ
RÉTTU TÖLURNAR
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS
50
MILLJÓNIR Á EINN MIÐA
DRÖGUM KL. 18.00 Í DAG
HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
Vænlegast til vinnings

## Forsetakosningar

**janúar**



**1. janúar**
Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnir í nýársávarpi sínu að hann ætli ekki að bjóða sig fram til forsetaembættis á ný.

**2. janúar – 2. maí**
Aralíus (Ari) Gestur Jósepsson, Árni Björn Guðjónsson, Ástþór Magnússon, Baldur Ágústsson, Benedikt Kristján Mewes, Bæring Ólafsson, Elísabet Jökulsdóttir, Guðmundur Franklín Jónsson, Guðrún Margrét Pálsdóttir, Heimir Örn Hólmarsson, Hildur Þórðardóttir, Hrannar Pétursson, Magnús Ingi Magnússon, Sturla Jónsson, Vigfús Bjarni Albertsson og Þorgrímur Þráinsson lýsa yfir framboði sínu á þessu tímabili.

**mars**

**17. mars**
Halla Tómasdóttir tilkynnir um framboð sitt.



**apríl**

**11. apríl**
Andri Snær Magnason tilkynnir um framboð sitt.



**18. apríl**
Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tilkynnir um framboð sitt.

**18. apríl**
Guðmundur Franklín Jónsson dregur framboð sitt til baka.

**18. apríl**
Vigfús Bjarni Albertsson dregur framboð sitt til baka.

**20. apríl**
Heimir Örn Hólmarsson dregur framboð sitt til baka.

**24. apríl**
Bæring Ólafsson dregur framboð sitt til baka.

**27. apríl**
Hrannar Pétursson dregur framboð sitt til baka.

**maí**

**5. maí**
Guðni Th. Jóhannesson tilkynnir um framboð sitt til embættis forseta Íslands á fundi í Salnum í Kópavogi.

**5. maí**
Ólafur Ragnar Grímsson nýtur fylgis 45 prósenta þeirra sem tóku afstöðu í skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem birt var í Fréttablaðinu. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur nýtur fylgis 38 prósenta og Andri Snær Magnason 11 prósenta. Aðrir minna.



**7. maí**
Sú saga gengur fjöllunum hærra að Davíð Oddsson hyggist tilkynna um framboð sitt til embættis forseta Íslands í þættinum Sprengisandi.

**8. maí**
Davíð Oddsson tilkynnir um framboð sitt í Sprengisandi.

**8. maí**
Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segist hugsi yfir framboði sínu í Eyjunni á Stöð 2.

**9. maí** [Könnun send fjölmiðlum 11:14]
Skoðanakönnun MMR staðfestir yfirburðafylgi við Guðna Th. Jóhannesson – Ólafur Ragnar Grímsson missir helming fylgis síns frá fyrri könnun MMR þann 27. apríl.



**9. maí** [Bréf sent fjölmiðlum 11:31]
Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnir bréflega um ákvörðun sína að draga framboð sitt til baka.

**20. maí**
Framboðsfrestur rennur út fimm vikum fyrir kjördag.

**júní/júlí**

**25. júní**
kjördagur er laugardagurinn 25. júní.

**31. júlí**
Fimmta kjörtímabil Ólafs Ragnars Grímssonar rennur út.

# Ólafur hættur við og Guðni er fremstur

**Sama dag og Guðni Th. Jóhannesson mælist með sextíu prósent fylgi barst fjölmiðlum tilkynning frá forseta Íslands um að hann dragi framboð sitt til endurkjörs til baka. Hann segir tengsl eiginkonu sinnar við aflandsfélög ekkert hafa með ákvörðun sína að gera.**

**STJÓRNMÁL** Það liðu sautján mínútur frá því að tilkynning barst fjölmiðlum í gær um að Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur mældist með tæplega 60 prósent fylgi í nýrri könnun MMR þangað til bréf forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, var sent í sömu pósthólf þar sem hann tilkynnti að framboð hans heyrði sögunni til.

Hafi verið stutt stórra högga á milli á sunnudaginn í nýjustu vendingum í baráttunni um Bessastaði þá átti það sama við í gær. Á sunnudag tilkynnti Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins, í þættinum Sprengisandi um framboð sitt til embættis forseta Íslands. Aðeins liðu nokkrir klukkutímar þangað til Ólafur Ragnar setti stórt spurningarmerki við eigið framboð í þættinum Eyjunni á Stöð 2.

Í bréfi sínu segist Ólafur Ragnar draga framboð sitt til endurkjörs til baka í þeirri fullvissu að þjóðin geti nú „farsællega valið sér nýjan forseta og ég er, eftir langa setu hér á Bessastöðum, bæði í huga og hjarta reiðubúinn að ganga glaður til nýrra verka“.

Ólafur sagði í viðtali við Vísi seinni partinn í gær að hann hafi fyrst farið að hugsa um að hætta við að bjóða sig fram til forseta þegar Fréttablaðið birti skoðanakönnun þann 5. maí þar sem Guðni Th. fékk stuðning rúmlega þriðjungs þrjátíu prósent kjósenda.

„Þá fór ég fyrst að hugleiða það að kannski væri að koma upp sú staða að þjóðin væri að finna sinn frambjóðanda,“ sagði Ólafur Ragnar og bætti við að umfjöllun fjölmiðla seinustu vikur um tengsl eiginkonu sinnar, Dorritar Moussaieff, við aflandsfélög hafi ekki haft neitt með ákvörðun hans að gera.

Þá vildi hann ekki meina að hann hefði hlaupið á sig þegar hann ákvað að fara aftur í framboð en Guðni Th. hafði sagt að hann myndi tilkynna síðar í sömu viku hvort hann færi fram. **svavar@frettabladid.is**

### Guðni með mest fylgi

MMR sendi frá sér skoðanakönnun um hádegi í gær sem unnin var dagana 6. til 9. maí. Samkvæmt henni er fylgi Guðna Th. 59,2%. Ólafur Ragnar Grímsson fengi 25,3%, miðað við 52,6% í síðustu könnun MMR. Andri Snær Magnason fengi 8,8%, miðað við 29,4% í síðustu könnun. Davíð Oddsson, sem tilkynnti um framboð sitt eftir að MMR hóf vinnu við könnunina, fengi 3,1%. Halla Tómasdóttir fengi 1,7%, en hafði 8,8% síðast. Aðrir fengju samtals 1,9%, en höfðu samtals 9,2% í síðustu könnun MMR.

**Ertu ekki að grínast?**

Guðni Th. Jóhannesson, þegar honum var greint frá niðurstöðum nýrrar könnunar MMR.





**Ólafur Ragnar fengi 25,3 prósent miðað við nýjustu könnun MMR en miðað við könnunina sem gerð var 27. apríl fengi hann 52,6 prósent. Andri Snær og Halla hafa einnig tapað fylgi á milli skoðanakannana.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Fólk ekki jafn fylgispakt nú og áður

**STJÓRNMÁL** „Í fyrsta lagi kom fram frambjóðandi, Guðni Th., sem hefur mjög breiða skírskotun, gjörþekkir forsetaembættið og höfðar til fólks til hægri, á miðjunni og til vinstri,“ segir Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðiprófessor um ástæðu þess að fylgi Ólafs Ragnars Grímssonar hrundi um 27 prósent í nýjustu könnun MMR.

„Í öðru lagi hafa fjármál forsetafrúarinnar mjög líklega haft áhrif á það fylgishrun sem verður hjá Ólafi. Það er síðan tengt við það hvernig hann neitar að fjölskylda hans eigi aflandsreikninga. Í þriðja lagi er bara svo mikill stjórnmálaórói á Vesturlöndum. Fólk er ekki jafn fylgispakt og það var áður.“

Baldur nefnir að í fjórða lagi hafi Ólafur beðið of lengi með að svara gagnrýnisröddum um fjármál forsetahjónanna. Það hafi Ólafur ekki brugðist nógu hratt við þeirri gagnrýni að hann hygðist sitja í eitt kjörtímabil í viðbót.



**Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðiprófessor segir athyglisvert að konur virðist ekki fá hljómgrunn í þessari baráttu.**

„Núna er allt opið. En það er athyglisvert að konur virðast ekki fá hljómgrunn í þessari baráttu. Það voru margar konur alvarlega að íhuga framboð. Kannski er það ekki orðið of seint en sá frambjóðandi yrði að vera afgerandi persónuleiki og þekktur í samfélaginu.“ - **snæ**




**Kynntu þér Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun** | **Tryggt framtíðarvirði** | **Fastar mánaðargreiðslur**

## Í UPPHAFI SKYLDI ENDINGUNA SKOÐA

Hátt í 50 ár hefur óbilandi áreiðanleiki Corolla skilað sér frá kynslóð til kynslóðar. Nýjasta kynslóð Corolla er því spengilegri og glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Nú býðst hún endurbætt og endurhönnuð, kröftug og sparneytin með Toyota Touch margmiðlunarkerfi. Ofan á staðalbúnaðinn bætist svo ríkulegur aukahlutapakki að eigin vali, að verðmæti 350.000 kr.

Komdu og reynsluaktu Corolla.

## VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.




Andstæðingar Rousseff vonuðust til að hún myndi hrökklast frá völdum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Krafa um rannsókn ógilt

**BRASILÍA** Mikil óvissa ríkir nú í brasilískum stjórnmálum eftir að neðri deild þingsins ákvað að ógilda þá kosningu sem fram fór í þinginu í síðasta mánuði um að hefja rannsókn gegn Dilmu Rousseff, forseta landsins, vegna efnahagslegs hneykslismáls.

Um málið var kosið eftir gífurleg mótmæli um allt landið og vonuðust andstæðingar hennar til þess að hún myndi hrökklast frá völdum.

Næsta skref í því að koma Dilmu frá völdum hefði verið þegar efri deild þingsins átti að taka afstöðu til þess hvort hefja ætti rannsókn í málinu. Talið var nær öruggt að meirihluti væri í efri deildinni til þess að halda málinu áfram og hefja réttarhöld. Nú er ekki vitað hvort málið fer fyrir efri deildina.

Ef til réttarhalda kæmi myndi Rousseff þurfa að stíga til hliðar á meðan á þeim stæði og Michel Temer varaforseti taki við embættinu á meðan. – bös

# Sigurdegi fagnað í Úkraínu



**Fagnað á götum úti** Íbúar fyrrverandi Sovétlýðvelda minntust þess í gær að 71 ár var liðið frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar, þegar sigur vannst á nasistastjórninni í Þýskalandi. Hér má sjá fólk skreytt orðum, halda á myndum og blómum á götum úti í Úkraínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Íslendingar eru enn að fara úr landi

**Á fyrsta fjórðungi ársins 2016 voru brottfluttir Íslendingar 110 umfram aðflutta. Á sama tíma voru aðfluttir erlendir ríkisborgarar 1.110 fleiri en þeir sem fluttust frá landi. Hagfræðingur segir aukna starfsmöguleika erlendis og dýrt íbúðarhúsnæði ýta undir brottflutning.**

**EFNAHAGSMÁL** Sú þróun að Íslendingar flytjist af landi brott hefur ekki stöðvast þrátt fyrir uppgang í efnahagslífinu. Á sama tíma flytjast erlendir ríkisborgarar í auknum mæli til landsins.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, telur aukna starfsmöguleika erlendis og dýrt íbúðarhúsnæði ýta undir brottflutning Íslendinga. Fjölgun starfa í ferðaþjónustunni og byggingaiðnaði dregur erlenda ríkisborgara til landsins.

Á fyrsta fjórðungi ársins 2016 voru brottfluttir einstaklingar með íslenskt ríkisfang 110 umfram aðflutta. Á sama tíma voru aðfluttir erlendir ríkisborgarar 1.110 fleiri en þeir sem fluttust frá landinu samkvæmt tölum sem Hagstofan birti í gær.

Á síðastliðnu ári voru brottfluttir einstaklingar með íslenskt ríkisfang samtals 1.030 umfram aðflutta. Helsti áfangastaður brottfluttra íslenskra ríkisborgara var Danmörk, en einnig fluttist stór hluti til Noregs og Svíþjóðar. Erlendir ríkisborgarar flytjast þó í auknum mæli til landsins og á síðastliðnu ári voru aðfluttir 3.440 umfram brottflutta.

Ásgeir Jónsson segir brottflutning Íslendinga meðal annars skýrast af því að atvinnuhorfur fyrir Íslendinga erlendis hafi varla verið betri lengi.

„Vinnumarkaðurinn úti hefur sjaldan verið betri en núna í löndum eins og Bandaríkjunum, Bretlandi og Evrópu. Á sama tíma hefur hagvöxtur á Íslandi verið leiddur mikið af ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan hefur ekki endilega mikla þörf fyrir menntað fólk, né höfðar hún heldur til allra. Við höfum verið að sjá það að ákveðnar stéttir með háskólamenntun eru ekki að fá starf við sitt hæfi. Það er ein skýringin.“

Ásgeir segir ýmislegt gera yngra fólki erfiðara fyrir á Íslandi, svo sem húsnæðismál og lág byrjunarlaun.

„Þessar tölur eru ekki aldursgreindar, en yfirleitt er það ungt fólk sem flytur burt. Það virðast vera einhver kynslóðaskipti, þannig að yngra fólk í dag er ekki eins bundið við Ísland eins og eldri kynslóðir. Svo á ungt fólk erfitt með að eignast húsnæði, og svo er ýmislegt sem gerir yngra fólki erfiðara fyrir, byrjunarlaun eru til dæmis ekkert sérstaklega há,“ segir Ásgeir.

> **Við höfum verið að sjá það að ákveðnar stéttir með háskólamenntun eru ekki að fá starf við sitt hæfi. Það er ein skýringin.**
>
> Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands



Ásgeir segir byggingariðnaðinn og ferðaþjónustuna skýra fjölgun erlendra ríkisborgara.

Sem dæmi um fjölgunina má nefna að fyrirtæki eins og IGS og Airport Associates hafa keypt fjórar til fimm gamlar varnarliðsblokkir á Keflavíkurflugvelli til þess að hýsa erlent vinnuafl. saeunn@frettabladid.is




# Álfurinn 2016
## - fyrir unga fólkið

SÁÁ



Álfasala SÁÁ hefst í dag.
Takið sölufólki okkar vel.

# Reyna að ná utan um fjölda hestaleiga

Matvælastofnun á samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma að hafa eftirlit með velferð hrossa í hestaleigum. Unnið er að því að skrásetja allar hestaleigur landsins. Alls eru 146 leigur með rekstrarleyfi frá Ferðamálastofu. Fjölgun gríðarleg í takt við fjölgun ferðamanna.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Matvælastofnun veit ekki nákvæmlega hversu margar hestaleigur eru fyrir í landinu þrátt fyrir að eiga að sinna eftirliti með velferð hrossanna. Hestaleigum og aðilum sem bjóða upp á hestaferðir fyrir ferðamenn hefur fjölgað gríðarlega meðfram fjölgun ferðamanna.

MAST vinnur nú að því að kortleggja stöðu hestatengdrar ferðamennsku og hefur haldið fundi með félagi hrossabænda og völdum ferðaþjónustuaðilum í geiranum til að ná utan um starfsemina hér á landi.

Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hjá MAST, segir stofnunina vinna að þessu til að tryggja velferð íslenska hestsins.

„Bæði er það í verkahring Matvælastofnunar samkvæmt nýjum lögum að sinna eftirliti með velferð hrossanna í þessum hestaleigum. Einnig erum við að brýna fyrir hestaleigum þörfina á því að kynna viðskiptavinum þeirra reglur um smitvarnir við bókanir ferða og ganga úr skugga um að ferðamenn fylgi þeim reglum við komuna til landsins,“ segir Sigríður.

„Nú erum við að biðla til hestaleiga að skrá sig á vef stofnunarinnar svo hægt sé að halda utan um fjöldann. Þó við vitum ekki nákvæmlega hversu margar hestaleigurnar eru í landinu erum við þó með nokkuð góða mynd af stöðunni.“


Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hjá MAST


Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri Íshesta

Samkvæmt Ferðamálastofu eru 146 hestaleigur í landinu sem hafa sótt um og eru með rekstrarleyfi frá stofunni. Hefur þeim fjölgað gríðarlega í takt við fjölgun ferðamanna sem hingað koma til landsins. Hestaleigur sem slíkar hafa ekki með sér samtök né sameiginlegan málsvara en unnið er að því að búa til þau regnhlífarsamtök, greininni til hagsbóta.

Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri Íshesta, segir fyrirtækið skrá ítarlega notkun á hverju hrossi til að tryggja velferð þeirra.

„Við erum með um 120 hross og verðum að hafa yfirsýn yfir notkun og hreyfingu okkar hesta. Bæði hvað varðar að nýta hross sem og að ofbrúka þau ekki. Þannig skráum við hreyfingu hvers hross sem MAST getur svo skoðað og farið yfir,“ segir Skarphéðinn Berg.

sveinn@frettabladid.is


Matvælastofnun veit ekki nákvæmlega hversu margar hestaleigur eru starfandi í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## Andvígir stórri mosku

**DANMÖRK** Helmingur íbúa Árósa í Danmörku er andvígur byggingu stórrar mosku í borginni, að því er niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar sýna.

Könnunin var gerð eftir að fulltrúar nokkurra flokka í borgarstjórninni kváðust vilja hætta við sölu lóðar undir moskuna. Borgarfulltrúarnir lýstu þessu yfir í kjölfar heimildarþáttar í danska sjónvarpinu þar sem meðal annars var greint frá því að í fjórum moskum í Árósum væru þau sjónarmið uppi að kona mætti ekki neita manni sínum, sem ætti rétt á að eiga fleiri en eina konu, um kynlíf. **– ibs**

## Heilsa fátækra barna lélegri

**NOREGUR** Eitt af hverjum ellefu börnum í Noregi, eða alls 85 þúsund börn, býr við bágan efnahag. Heilsufar fátæku barnanna er oft verra en hinna, að því er könnun á vegum norsku lýðheilsustofnunarinnar sýnir.

Rúmlega fimmta hvert fátæku barnanna býr í Ósló. Meirihlutinn er börn innflytjenda frá Sómalíu, Írak og Afganistan.

Bent er á að samhengi sé á milli tekna og skólagöngu foreldra og þátta eins og offþyngdar, hreyfingar, mataræðis, tóbaksnotkunar og neyslu vímuefna. **– ibs**

**Frá yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis**
**Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum**
**25. júní 2016**

Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis kemur saman til fundar í Menningarhúsinu Hofi, v/Strandgötu, Akureyri, nánar tilgreint í Setbergi, fundarsal á 2. hæð, föstudaginn 20. maí nk. kl. 13:00, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum til yfirkjörstjórnar, Menningarhúsinu Hofi, v/Strandgötu, Akureyri, Setbergi, fundarsal 2. hæð, þriðjudaginn 17. maí nk., milli kl. 9 og 14, til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis gefur eingöngu vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælst til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á www.ísland.is áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

Þá skal og fylgja skrifleg tilkynning frá frambjóðendum hverjir tveir menn séu umboðsmenn viðkomandi framboðs..

**Akureyri, 22. apríl 2016.**

**Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis,**
Gestur Jónsson oddviti
Inga Þöll Þórgnýsdóttir
Ólafur Rúnar Ólafsson
Katý Bjarnadóttir
Páll Hlöðvesson




**Mitsubishi Outlander PHEV** hefur fengið ótrúlega góðar viðtökur og tvíorkutæknin heldur betur sannað sig. Fjórhjóladrifinn gæðingur sem gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni svo að þú komist allra þinna leiða með góðri samvisku. Komdu og prófaðu!

**Mitsubishi Outlander PHEV**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**6.590.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!




NISSAN LEAF ACENTA RAFBÍLL
Nýskr. 09/15, ekinn 2 þús km.
rafmagn, sjálfskiptur.
Rnr. 120982
VERÐ! 3.590 þús.




HYUNDAI iX35 COMFORT
Nýskr. 04/15, ekinn 30 þús km.
dísil, sjálfskiptur
Rnr. 143381
VERÐ kr. 4.990 þús.




LAND ROVER FREELANDER 2 S
Nýskr. 04/12, ekinn 74 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 330144
VERÐ kr. 4.680 þús.




NISSAN PULSAR TEKNA
Nýskr. 01/15, ekinn 6 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 283612
VERÐ kr. 3.390 þús.




PEUGEOT 208 ALLURE
Nýskr. 06/15, ekinn 10 þús km.
bensín, beinskiptur.
Rnr. 143460
VERÐ kr. 2.890 þús.




RENAULT MEGANE SPORT TOU.
Nýskr. 04/12, ekinn 59 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 370009
VERÐ kr. 2.490 þús.




SUBARU OUTBACK PREMIUM
Nýskr. 03/15, ekinn 23 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 152161
VERÐ kr. 5.540 þús.

WWW.BÍLALAND.IS
bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


# Sagðist ekki lengur hafa stuðning flokksfélaga

**Kanslari Austurríkis lét undan þrýstingi í gær og sagði af sér, bæði sem kanslari og formaður Sósíaldemókrataflokksins. Gagnrýndur fyrir að hafa fært sig í átt að flokki þjóðernissinna. Flokkur hans galt afhroð í forsetakosningum.**

**AUSTURRÍKI** Werner Faymann kanslari hefur sagt af sér, hálfum mánuði eftir að Sósíaldemókrataflokkur hans galt afhroð í fyrri umferð forsetakosninga.

Faymann segist ekki lengur hafa stuðning flokksfélaga sinna: „Meirihlutinn dugar ekki,“ segir hann. „Þetta land þarf kanslara sem hefur flokkinn allan að baki sér.“

Flokkurinn segir að arftaki hans verði kynntur þjóðinni á þriðjudag í næstu viku. Formlega verði hann svo kosinn á flokksþingi þann 25. júní.

Mikil ólga hefur verið innan flokksins síðustu vikur og mánuði, bæði vegna kosninganna en einnig vegna þess að Faymann ákvað í mars að ekki yrði tekið við nema 80 umsóknum hælisleitenda á dag. Jafnframt var landamærunum að Slóveníu lokað, en þaðan hafði meginstraumur flóttafólks til Austurríkis komið.

Faymann hafði fram að því eindregið stutt stefnu Angelu Merkel Þýskalandskanslara um að taka vel á móti öllu því flóttafólki, sem kæmi til Evrópulanda frá átakasvæðum í Mið-Austurlöndum og víðar.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, flutti ávarp á austurríska þinginu 28. apríl og gagnrýndi þar harðlega nýtekna ákvörðun þingsins um að loka landamærunum, að fyrirmynd Ungverjalands og fleiri landa í austanverðri Evrópu.

Fyrri umferð forsetakosninganna fór þannig, að Norbert Hofer, frambjóðandi Frelsisflokksins, hlaut 36 prósent atkvæða og Alexander Van der Bellen, frambjóðandi Græningja, fékk 20 prósent. Kosið verður á milli þeirra tveggja í seinni umferð kosninganna sunnudaginn 22. maí næstkomandi. Frambjóðandi sósíaldemókrata fékk aðeins 11 prósent atkvæða.


Werner Faymann hefur verið kanslari Austurríkis í nærri sjö og hálft ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Þetta land þarf kanslara sem hefur flokkinn allan að baki sér.
>
> Werner Faymann, fráfarandi kanslari Austurríkis

Frelsisflokkur Hofers er flokkur þjóðernissinna yst af hægri vængnum, sami flokkur og Jörg Haider var í forystu fyrir í hálfan annan áratug undir lok síðustu aldar. Flokkurinn hefur verið harðastur austurrískra flokka í andstöðu við útlendinga og flóttafólk.

Margir félagar Faymanns í Sósíaldemókrataflokknum segja hann hafa fært sig of langt í áttina að Frelsisflokknum.

Faymann hefur verið kanslari Austurríkis í nærri sjö og hálft ár, eða frá því í desember árið 2008.

Austurrískir fjölmiðlar segja Christian Kern líklegan arftaka Faymanns. gudsteinn@frettabladid.is




VELKOMIN Í URRIÐAHOLT ÞORPIÐ VIÐ VATNIÐ
GARÐABÆR
Vistbyggðarráð










*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM75249

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrði stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




**Hlutfall nemenda á hvern kennara í íslenskum háskólum er mjög hátt að sögn rektors HÍ.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Lýsa yfir vonbrigðum vegna fjárveitinga

**MENNTAMÁL** Það vantar fimmtán til tuttugu milljarða króna inn í háskólakerfið til að ná svokölluðu Norðurlandameðaltali á hvern nemenda á árinu 2020. Þetta er mat Jóns Atla Benediktssonar, formanns samstarfsnefndar háskólastigsins og rektors Háskóla Íslands. Rektorar íslenskra háskóla lýsa yfir gríðarlegum vonbrigðum vegna fjárveitinga til háskóla í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2017 til 2021.



**Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.**

Útgjaldarammi til háskólastigs er á bilinu 39,3 milljarðar til 41,8 milljarðar á næstu fimm árum. „Þetta er lágur byrjunarpunktur og allt of lítil aukning milli ára. Mennta- og menningarráðuneytið stefndi að því að ná svokölluðu Norðurlandameðaltali per nemanda á árinu 2021. En þetta er langt frá því, til að ná því þyrfti að fækka verulega nemendum,“ segir Jón Atli.

Jón Atli segir þörf á auknu fjármagni vegna þess að nemendahópar séu allt of stórir í háskólum hérlendis, og ekki sé hægt að sinna nemendum nægilega vel. Rannsóknarinnviðir eru einnig gríðarlega veikir eftir mikinn niðurskurð.

„Við höfum verið að rétta úr kútnum á undanförnum árum, en ef við skoðum frá því rétt fyrir hrun þá er það sem greitt er að meðaltali fyrir hvern nemanda fimmtán prósentum lægra í dag. Við teljum það gríðarlega mikilvægt að eitthvað verði gert í þessu, og vonumst til að þessu verði breytt hið allra fyrsta,“ segir Jón Atli Benediktsson. **– sg**



Í Landbroti eru ár horfnar á stórum svæðum, eins og sést hér á Tungulæk en sama staða er í Grenlæk. MYND/HÖRÐUR EYÞÓRSSON

# Lífríkið í bráðri hættu og skaðinn víða skeður

**Vatnsþurrð í ám og lækjum í Landbroti þýðir aðeins eitt – lífríki vatnasviðsins er í bráðri hættu. Einn stærsti sjóbirtingsstofn landsins – í Grenlæk – hefur þegar fengið högg. Bráðaaðgerða er þörf, segir sérfræðingur Veiðimálastofnunar.**

**UMHVERFISMÁL** „Til skamms tíma hefur verið einn stærsti sjóbirtingsstofn landsins í Grenlæk. Heimamenn hafa lýst því að stór hluti af læknum er kominn á þurrt og á því svæði er skaðinn skeður, og ljóst að stofnar á vatnasvæðinu eru í bráðri hættu,“ segir Magnús Jóhannsson, sviðstjóri á umhverfissviði og settur forstjóri Veiðimálastofnunar, um vatnsþurrð í Grenlæk á stórum hluta árinnar.

„Við teljum að það þurfi bráðaaðgerðir til að koma vatni í lækina, en hvernig það verður gert er vatnafræðinga að svara,“ segir Magnús.

Einnig eru Tungulækur, Sýrlækur og Jónskvísl meðal þeirra vatnasvæða í Landbroti sem eru í hættu en Skaftárhlaupið í haust veldur því að vatn berst ekki undan Eldhrauni vegna gríðarlegs aurburðar sem flóðinu fylgdi.

Magnús segir að ekki séu aðeins sjóbirtingsstofnar í hættu heldur er í Grenlæk, sem er á náttúruminjaskrá, merkilegur bleikjustofn sem hefur verið á miklu undanhaldi – sá stofn sé frumefnið í bleikjueldi á Íslandi að hluta. Eins sé lífríkið á svæðinu merkilegt í öðru tilliti – fuglar og annað lífríki.

> **Það verður að bregðast við þessu, eins og við höfum bent á um langt árabil**
>
> Magnús Jóhannsson, settur forstjóri Veiðimálastofnunar



Heimamenn deila við Orkustofnun um aðgerðir vegna vatnsþurrðarinnar. Eva Björk Harðardóttir, oddviti Skaftárhrepps, sagði um helgina í viðtali við RÚV að tjónið væri „ógurlegt“, og gerði grein fyrir því að beiðnum um aðgerðir mæti Orkustofnun með þeim svörum að vatnaveitingar séu leyfisskyld framkvæmd og ekki uppi á borðinu.

„Það takast á sjónarmið vegagerðar, landgræðslu og svo lífríkis í lindarvötnunum. Menn eru ekki á eitt sáttir en það er ljóst að ef ár og lækir renna ekki þá deyr allt lífríki – og þar á meðal fiskurinn, eðli málsins samkvæmt. Skaði eins og þessi mun vara um margra ára skeið og hefur gerst áður,“ segir Magnús og vísar til þess að árið 1998 þornaði farvegur Grenlækjar á tuttugu kílómetra kafla með tilheyrandi skaða fyrir lífríkið.

Magnús segir að í neðri hluta Grenlækjar séu enn aðstæður fyrir uppeldi seiða, en ef ekki komi til bráðaaðgerða muni ástandið versna enn verði ekkert að gert. Ljóst sé að vatn sem fer út á hraunið skili sér út í lækina og það sé ekki flókið að bregðast við. Nú gefist til dæmis tækifæri að veita vatni úr Skaftá inn á Eldhraun um Brest með aðferðum sem séu handbærar, enda rennur áin kristaltær þessa dagana og myndi ekki auka á framburðinn sem er rót vandans.

„Ef vilji væri fyrir hendi þá er þetta hægt. Það verður að bregðast við þessu, eins og við höfum bent á um langt árabil,“ segir Magnús en í Skaftá. **svavar@frettabladid.is**







SYNC samskiptakerfi með
Bluetooth og neyðarhringingu
er nú staðalbúnaður
FIESTA
NÝR FORD FIESTA
Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur. Þar á meðal er SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112.
Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi aksturs-ánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.
Fiesta er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year), þrjú ár í röð.
Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Fiesta, mest selda smábíls Evrópu - komdu og prófaðu
FORD FIESTA
BEINSKIPTUR
FRÁ 2.390.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR
FRÁ 2.740.000 KR.
Ford
ford.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.
Kynntu þér Ford Fiesta betur: Hiti er í framsætum og 4,2" TFT upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO2 gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ◆ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO2 99 g/km. ◆ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO2 114 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Efinn



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Því hefur verið haldið fram að á óvissutímum sé þörf fyrir holdtekju sjálfstraustsins á Bessastöðum. Styrka hönd sem geti leitt þjóðina gegnum óvissuna. Einhvern með bjargfasta sannfæringu fyrir hlutunum. En vald spillir og efinn er mikilvægur hluti af heilbrigðri dómgreind.

Oft er mikilvægt að spegla nútímann við sambærilegar aðstæður úr fortíðinni því sagan geymir mikilvæga lærdóma. Á Bessastöðum er þörf fyrir einstakling með sjálfstraust en líka einstakling sem hefur auðmýkt og getur beitt völdum sínum af varfærni. Ólafur Ragnar Grímsson, fráfarandi forseti, sagði við opnun Kristjánsstofu á Dalvík í maí 2005 að í sögunni hefði „enginn forseti þurft að glíma við jafnmiklar þrautir á vettvangi þjóðmálanna“ og Kristján Eldjárn gerði í sinni embættistíð sem forseti. Kristján sat í embætti 1968-1980 og hafði engan bakgrunn í stjórnmálum. Hann var aldrei bundinn neinum stjórnmálaflokki. Einu afskipti hans af þjóðmálum voru í því fólgin að standa vörð um frelsi Íslands og sjálfstæði, tungu þess og menningu. Hann var jarðbundinn og yfirvegaður fræðimaður sem sýndi hins vegar ótrúlega festu þegar á reyndi við flókin viðfangsefni í embætti forseta. Í aðdraganda kosninganna 1968 sögðu fylgjendur Gunnars Thoroddsen að reynsluleysi Kristjáns í stjórnmálum yrði honum fjötur um fót því sá sem hefði alla tíð sinnt fræðistörfum gæti ekki valdið því að annast samskipti við stjórnmálaleiðtoga. Allt reyndist þetta hræðsluáróður sem átti ekki við nein rök að styðjast.

Við erfiðar stjórnarmyndanir er mikilvægt að á Bessastöðum sitji mannasættir. Hlutleysi Kristjáns Eldjárns kom fram í umburðarlyndi þegar hvorki gekk né rak við stjórnarmyndanir. Í því birtist virðing fyrir lýðræðinu og valdheimildum embættisins.

Það er ákveðinn misskilningur að farsælustu einstaklingarnir sem veljast til ábyrgðarstarfa í þjóðfélaginu séu einhvers konar björg mannlegrar tilveru sem láta ekki hagga sér. Efinn er mikilvægur eiginleiki þegar stórar ákvarðanir eru teknar. Það er ekki heilbrigt og eðlilegt að valdhafarnir séu svo blindaðir af eigin sjálfstrausti og ofmetnaði að þeir geti ekki efast. Og vandaðar ákvarðanir krefjast ráðgjafar góðra manna. Einstaklingar með sjálfstraust efast um eigin dómgreind og þekkingu upp að heilbrigðum mörkum.

Íþróttasálfræðingarnir Robert S. Weinberg og Daniel Gould hafa sýnt fram á að oftrú (e. overconfidence) er í raun falskt öryggi sem þýðir að sjálfstraust þeirra sem þjást af slíku er í raun stærra og meira en hæfileikar þeirra gefa tilefni til. Frammistaðan versnar ef fólk heldur að það þurfi ekki að undirbúa sig til að vinna verkið. Þótt Gould og Weinberg hafi skrifað þetta með íþróttamenn í huga gilda nákvæmlega sömu mælikvarðar í atvinnulífinu og stjórnmálum. Rétt eins og menn gjalda í dag varhug við oftrú bankamanna á eigin hæfileikum og getu gildir slíkt hið sama um fólk í valdastöðum í samfélaginu. Brýnt er að menn með mikil völd búi yfir nauðsynlegri auðmýkt og varfærni til þess að geta farið með slík völd.

Þjóðin velur sinn forseta. Það er hins vegar mikilvægt að menn láti ekki blekkjast af sýndarmennsku og hræðsluáróðri í aðdraganda kosninga. Það er engin óvissa fram undan á Íslandi og lýðræðið hefur sinn gang.

**Það er ekki heilbrigt og eðlilegt að valdhafarnir séu svo blindaðir af eigin sjálfstrausti og ofmetnaði að þeir geti ekki efast.**




BÍLDSHÖFÐA
AKUREYRI
SELFOSSI
INTERSPORT
SPORT TO THE PEOPLE

## Halldór




## Frá degi til dags

**Takk**

**Gríðarlega mikilvægur maður er að hætta. Hann mun ekki endurnýja samning sinn við þjóðina sem hann hefur leitt í gegnum marga sigra og sára ósigra um árabil. Þegar á móti blés stóð hann þögull sem klettur í stafni skipsins og þegar vel gekk brosti hann hæverskur í kampinn yfir velgengni íslensku þjóðarinnar. Hann var fastur fyrir og ákveðinn en lét ekki óþarflega mikið fyrir sér fara. Þrátt fyrir skýran vilja annarra verður honum ekki haggað í ákvörðun sinni um að stíga niður og gefa öðrum manni sviðið. Þessi maður er Lars Lagerbäck, þjálfari landsliðs Íslands í knattspyrnu karla.**

**Spaugstofan**

**Örn Árnason leikari mun hafa mikið að gera á næstunni í ljósi þess að Davíð Oddsson er kominn aftur á sjónarsvið stjórnmálanna. Örn túlkaði Davíð í ógleymanlegu lokalagi skaupsins 2001 og rappaði: „Þegar þú ert kominn oní holu, hættu að moka.“ Í Spaugstofunni klæddi Örn sig eitt sinn sem barnalegan Davíð og fór með eftirfarandi vísu: „Punktur, punktur, komma strik. Þetta er hann Óli prik. Haus, magi, hendur, fætur. Er hann Óli ekki sætur? Fingur, eyru, háls og hár, forseti og kóngur kl ... En það er ég sem á að vera forsetinn! Það er ég!“ snaeros@frettabladid.is**

# Barnabætur eða fátækrastyrkur?



Oddný G. Harðardóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Barnabætur hér á landi eru nú nánast eins og styrkur til fátækra og mjög ólíkar barnabótum annars staðar á Norðurlöndum. Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar, samkvæmt nýrri fjármálaáætlun, er að barnabætur verði eingöngu stuðningur við tekjulægstu fjölskyldurnar. Farið er eftir tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um endurskoðun barnabótakerfisins. Sjóðurinn ráðleggur ríkisstjórninni að einfalda kerfið og beina greiðslum til lágtekjuheimila með hærra skerðingarhlutfalli miðað við laun. Einnig leggur sjóðurinn til að einstæðir foreldrar fái ekki hærri greiðslur en sambýlisfólk. Þannig verði einungis greidd ein föst fjárhæð fyrir börn undir 18 ára aldri og aldrei með fleiri börnum en þremur. Þetta þekkist hvergi á Norðurlöndunum.

Furðu sætir að ríkisstjórnin leiti til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um útfærslu barnabóta þegar beinast liggur við að líta til hinna norrænu ríkjanna. Þar eru bæturnar almennt ekki tekjutengdar og eru fyrst og fremst hugsaðar til að jafna stöðu barnafólks við hina sem ekki eru með börn á framfæri. Ótekjutengdar barnabætur draga einnig síður úr sjálfstæði og atvinnuþátttöku kvenna en tekjutengdar bætur. Ungar fjölskyldur annars staðar á Norðurlöndunum munar um stuðninginn sem barnabætur veita og jöfnunarhlutverk þeirra er mikilvægt.

Vinstristjórnin hækkaði barnabætur um leið og hún komst í færi til þess. Haustið 2012 unnum við í fjármálaráðuneytinu ný viðmið fyrir úthlutun barnabóta. Greiðslurnar hækkuðu og náðu lengra upp eftir tekjuskalanum en áður. Hugmyndin var að hækka barnabæturnar í skrefum í átt að ótekjutengdu kerfi hinna norrænu ríkjanna. Því samþykkti Alþingi 30 prósenta hækkun barnabóta í fjárlögum 2013. Núverandi ríkisstjórn fer í þveröfuga átt og hefur á kjörtímabilinu hert á tekjutengingu. Jafnaðarmenn tækju ekki einu sinni til athugunar tillögur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um barnabætur í líki fátækrastyrks. Barnabótakerfi líkt hinna norrænu ríkjanna er okkar fyrirmynd enda góð reynsla af þeim fyrir börnin og foreldra þeirra. Verði jafnaðarmenn í næstu ríkisstjórn munum við standa við bakið á barnafjölskyldum.

**Furðu sætir að ríkisstjórnin leiti til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um útfærslu barnabóta þegar beinast liggur við að líta til hinna norrænu ríkjanna.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Einkavædda öndin



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Það er einkennilegt að vera komin í þá stöðu að þurfa að rökræða við mætasta fólk hvort einkarekstur á ákveðnum einingum í heilbrigðiskerfinu okkar, til dæmis heilsugæslustöðvum, jafngildi því að verið sé að einkavæða þá þjónustu sem þessar einingar bjóða upp á.

BSRB og ASÍ stóðu í liðinni viku fyrir málþingi undir yfirsögninni „Er einkarekstur í heilbrigðisþjónustu almannahagur?“ Tilefnið var aðkallandi því heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að þær þrjár nýju heilsugæslustöðvar sem höfuðborgarbúar geta brátt sótt til verði reknar af einkaaðilum, í stað Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eins og BSRB telur eðlilegast.

Þessa ákvörðun virðist heilbrigðisráðherra geta tekið án þess að ræða við einn né neinn, þrátt fyrir að með því sé hann að auka enn á einkavæðinguna í heilbrigðiskerfinu. Alþingi fjallar ekki um málið og ekki er kallað eftir umsögnum almennings og hagsmunaaðila. Engin umræða á sér stað.

Það kom mér á óvart á áðurnefndu málþingi að ekki virðast allir leggja sama skilning í orðið einkavæðing. Ég hélt við gætum öll verið sammála um það smáatriði og einbeitt okkur að því að ræða hvort þessi einkavæðing sem ráðherra vill koma til framkvæmdar sem fyrst sé almannahagur eða ekki.

**Læknar ósammála**

Tveir virtir sérfræðingar úr Háskóla Íslands voru sammála um að einkarekstur sé ekkert annað en einkavæðing. Þannig nefndi Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, þrjár tegundir einkavæðingar í erindi sínu og studdist þar við skilgreiningar erlendra sérfræðinga. Í fyrsta lagi er það sala á opinberri stofnun eða öðrum eignum, í öðru lagi tilfærsla á rekstri eða framkvæmd frá hinu opinbera til einkaaðila í einkaframkvæmd, og í þriðja lagi tilfærsla fjármögnunar frá hinu opinbera til einkaaðila.

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands, var sammála Rúnari og sagði skýrt í sínum huga að einkarekstur væri einfaldlega einkavæðing á þjónustu.

Þórarinn Ingólfsson, formaður Félags íslenskra heimilislækna, sagðist í erindi sínu á fundinum ósammála þessu og sagði einkarekstur og einkavæðingu tvennt ólíkt. Svipaðar raddir heyrðust í kjölfar ræðu sem ég flutti í Hafnarfirði á frídegi verkalýðsins, 1. maí.

Þetta er annaðhvort meinlegur misskilningur sem rétt er að leiðrétta, eða tilraun til að stýra umræðunni með því að finna upp ný og mildari hugtök til að slá ryki í augu fólks. Rannsóknir Rúnars Vilhjálmssonar prófessors sýna að rúmlega 80 prósent landsmanna vilja að heilbrigðisþjónustan sé rekin fyrst og fremst af hinu opinbera. Það vita þeir sem vilja finna annað og hentugra orð fyrir einkavæðingu.

**Arðgreiðslur af skattfé**

Eins og Sigurbjörg nefndi í erindi sínu er mun auðveldara að einkavæða þjónustu heldur en að snúa til baka og láta ríkið sjá um verkefni sem áður voru í höndum einkaaðila. Með einkavæðingunni skapast viðskiptahagsmunir og kröfur um arðgreiðslur fyrir þjónustu sem fjármögnuð er af skattfé. Hættan er sú að þjónustan verði dreifð og brotakennd og að stjórnvöld missi möguleika á að forgangsraða og skipuleggja þjónustuna í þágu almannahagsmuna.

Við getum fengið lánað orðatiltæki frá enskumælandi þjóðum til að auðvelda skilning. Ef eitthvað lítur út eins og önd, syndir eins og önd og hljómar eins og önd eru allar líkur á að það sé önd. Einkarekstur er ekkert annað en einkavæðing undir öðru nafni.

**Ef eitthvað lítur út eins og önd, syndir eins og önd og hljómar eins og önd eru allar líkur á að það sé önd. Einkarekstur er ekkert annað en einkavæðing undir öðru nafni.**

# Kaupum Álfinn fyrir unga fólkið



Arnþór Jónsson
formaður SÁÁ

Árleg álfasala SÁÁ hefst í dag og stendur næstu daga. Álfasalan er stærsta fjáröflunarverkefni SÁÁ ár hvert, en hún fer nú fram í 27. skipti.

Líkt og undanfarin ár er slagorð álfasölunnar í ár: „Álfurinn fyrir unga fólkið.“ Þannig er undirstrikuð áhersla á meðferðarúrræði samtakanna fyrir ungt fólk og einnig fyrir börn og aðra aðstandendur þeirra sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Frá árinu 2000 hefur SÁÁ rekið unglingadeild á sjúkrahúsinu Vogi en frá því að sjúkrahúsið var byggt hafa yfir 8.000 einstaklingar yngri en 25 ára lagst þar inn.

SÁÁ veitir einnig sálfræðiþjónustu fyrir börn alkóhólista. Um 1.100 börn hafa nýtt þá þjónustu sem er kostuð með tekjum af Álfinum og öðrum styrkjum. Tekjur af Álfasölu standa líka undir þjónustu SÁÁ við aðra aðstandendur en allir aðstandendur fólks í áfengis- og vímuefnavanda geta fengið viðtöl, ráðgjöf og setið á fyrirlestrum og fengið námskeið í fjölskyldumeðferð hjá SÁÁ.

Hundruð manna um land allt starfa við Álfasöluna bæði einstaklingar en einnig fjölmargir hópar sem nýta sölulaun til að kosta starfsemi á vegum íþróttafélaga og ýmissa samtaka, hver í sinni heimabyggð.

Frá 1990 hefur Álfurinn skilað um 600 milljónum króna sem hafa að öllu leyti runnið inn í heilbrigðisþjónustu SÁÁ við áfengis- og vímuefnasjúklinga. Þótt stjórnvöld hafi stutt vel við starf samtakanna í gegnum árin er það beinn stuðningur almennings sem hefur gert gæfumuninn. Þjóðin hefur stutt við bakið á SÁÁ og tryggt að samtökin geti veitt vímuefna- og áfengissjúklingum og fjölskyldum þeirra eins góða þjónustu og kostur er.

Ef ekki væri vegna stuðnings almennings þyrfti að draga umtalsvert úr öllu starfi SÁÁ. Við sem störfum fyrir SÁÁ erum þakklát og finnum til auðmýktar vegna alls þess velvilja sem SÁÁ hefur notið og biðjum íslensku þjóðina nú um að standa enn sem fyrr þétt við bak samtakanna. Styðjum SÁÁ – kaupum álfinn!

**Þótt stjórnvöld hafi stutt vel við starf samtakanna í gegnum árin er það beinn stuðningur almennings sem hefur gert gæfumuninn.**

GERÐU VINNUNA AUÐVELDARI

CITROËN



Citroën Nemo
2.550.000 kr. m. VSK
2.056.452 kr. án VSK

Citroën Berlingo
2.850.000 kr. m. VSK
2.298.387 kr. án VSK

Citroën Jumpy Langur
4.490.000 kr. m. VSK
3.620.967 kr. án VSK

CITROËN SENDIBÍLAR
HAGKVÆMIR, ÁREIÐANLEGIR OG Á GÓÐU VERÐI

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á




Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson kynntu landsliðshópinn á fjölmennum blaðamannafundi KSÍ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# 23 bestu valdir fyrir EM

Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson kynntu í gær hópinn sem fer á fyrsta stórmót karlalandsliðsins í fótbolta. Liðið ekki valið út frá vinskap. Nokkrir svekktir þurfa að sitja eftir heima.

**FÓTBOLTI** „Þetta eru bestu leikmennirnir fyrir Ísland að þessu sinni,“ sagði Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands í fótbolta, eftir að hann og Lars Lagerbäck kynntu íslenska hópinn sem fer til Frakklands á fyrsta stórmót karlalandsliðsins. Ísland er eitt af allra fyrstu löndunum ef ekki það fyrsta til að opinbera sinn hóp en þjálfararnir hafa til 31. maí að breyta honum en þá þarf að skila inn hópnum til UEFA.

„Við vildum gera þetta sem fyrst þannig að menn hefðu tíma til að melta þetta. Við höfum ekki farið í gegnum þetta áður,“ sagði Heimir Hallgrímsson en þjálfararnir sögðu á fjölmennum blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ að hópurinn hefði legið fyrir að mestu leyti í nokkurn tíma.

Þjálfararnir hafa notað 50 leikmenn í vináttuleikjum síðan undankeppni EM lauk og höfðu þeir úr fleiri mönnum að velja en oft áður. „Það voru bara margir sem tóku skrefið og nýttu sín tækifæri. Við töldum þessa vera betri en aðra. Við veljum þá út frá getu og hvað þeir hafa gert með okkur,“ sagði Heimir.

### Glaðir og svekktir

Þeir sem hafa nýtt tækifæri sín, að mati Lars og Heimis, eru greinilega leikmenn eins og Arnór Ingvi Traustason, Sverrir Ingi Ingason, Hörður Björgvin Magnússon og markvörðurinn Ingvar Jónsson. Enginn af þeim kom við sögu í undankeppni EM en þeir spiluðu ágætlega í þeim vináttuleikjum sem á eftir fylgdu.

Aðrir sátu svekktir eftir. Menn sem hafa lengi verið hluti af hópnum fara ekki með en þar ber að nefna stráka á borð við Sölva Geir Ottesen, Rúrik Gíslason, Viðar Örn Kjartansson, Ólaf Inga Skúlason og markvörðinn Gunnleif Gunnleifsson.

Sölvi Geir er búinn að vera fastamaður í hópnum um langa hríð en tók skrefið niður í 2. deildina í Kína. Viðar Örn hefur ekki nýtt sín tækifæri með landsliðinu að undanförnu og Rúrik hefur verið meiddur. Meira kom á óvart að sjá ekki Gunnleif og Ólaf Inga í hópnum.

„Ingvar fékk svolítið óvænt tækifæri með okkur og nýtti það vel. Sverrir Ingi sömuleiðis. Hann er líka að spila í sterkri deild,“ sagði Heimir aðspurður um „óvæntu“ nöfnin.

Rúrik varð fyrir því óláni að meiðast á árinu og hefur lítið spilað fyrir lið sitt Nürnberg í Þýskalandi en Gunnleifur Gunnleifsson lýsti yfir miklum vonbrigðum með að vera ekki valinn í viðtali við Vísi í gær.

### Svanasöngur Eiðs Smára?

Mesta spennan var hvort Eiður Smári Guðjohnsen yrði í hópnum og fór kliður um salinn þegar aðeins átti eftir að tilkynna um einn mann. Það lá við lófataki þegar markahæsti leikmaður í sögu landsliðsins kom upp á skjáinn sem 23. maður kynntur til leiks.

„Eiður hefur sýnt vilja og þrá að komast í hópinn. Hann lítur vel út og er að spila vel í Noregi. Meiðsli hans eru smávægileg,“ sagði Heimir um Eið Smára sem lýkur væntanlega landsliðsferlinum með strákunum okkar í Frakklandi.

Lars og Heimir völdu sex manna biðlista sem má sjá hér til hliðar en þessir menn verða að vera með hausinn rétt skrúfaðan á og klárir í slaginn ef kallið kemur því ýmislegt getur gerst á nokkrum vikum í fótbolta.

„Við byggjum árangur okkar á liðsheild. Þannig vinnum við leiki þannig að við þurfum allir að vera saman í þessu,“ sagði Heimir Hallgrímsson. tomas@365.is

## EM-HÓPUR ÍSLANDS

**Markverðir**
Hannes Þór Halldórsson
Ingvar Jónsson
Ögmundur Kristinsson

**Varnarmenn**
Birkir Már Sævarsson
Ragnar Sigurðsson
Kári Árnason
Ari Freyr Skúlason
Haukur Heiðar Hauksson
Hjörtur Hermannsson
Hörður Björgvin Magnússon
Sverrir Ingi Ingason

**Miðjumenn**
Aron Einar Gunnarsson
Gylfi Þór Sigurðsson
Emil Hallfreðsson
Birkir Bjarnason
Jóhann Berg Guðmundsson
Theodór Elmar Bjarnason
Arnór Ingvi Traustason
Rúnar Már Sigurjónsson

**Sóknarmenn**
Kolbeinn Sigþórsson
Alfreð Finnbogason
Jón Daði Böðvarsson
Eiður Smári Guðjohnsen

**Biðlistinn**
Gunnleifur Gunnleifsson
Hólmar Örn Eyjólfsson
Hallgrímur Jónasson
Ólafur Ingi Skúlason
Rúrik Gíslason
Viðar Örn Kjartansson

## Lars hættir eftir EM

Áður en Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson tilkynntu leikmannahópinn fyrir Evrópumótið í gær var það kunngjört að Lars Lagerbäck hætti sem þjálfari Íslands eftir EM. Heimir Hallgrímsson tekur við eins og til stóð.

„Auðvelda svarið er að ég fæddist aðeins of snemma. Ég verð að átta mig á því að ég verð ekkert yngri. Ég þarf að ferðast mikið í þessu starfi og ég finn fyrir því,“ sagði Lagerbäck um ákvörðun sína í gær.

„Þessi fjögur ár hafa verið algjörlega frábær en aðalástæðan fyrir þessu er að ég þyrfti kannski að fara að gera eitthvað annað með fjölskyldunni. Maður á lítið félagslíf í þessu starfi.“

Lars var bent á að stutt er í forsetakosningar á Íslandi: „Ég óska Íslendingum ekki svo ills að ég verði forseti. Svo er ég ekki með íslenskt vegabréf en forsetahúsið er fallegt,“ sagði Lars. En er hann hættur að þjálfa?

„Það kemur í ljós. Það þyrfti þá að vera eitthvað mjög spennandi en ég loka ekki neinum dyrum. Geir Þorsteinsson bað mig um að halda dyrunum opnum með íslenska liðið og ég gerði það en síðasta mánuð hef ég verið ákveðinn í því að hætta.“



## Nýjast

**Olís-deild kvenna: Lokaúrslit**

**Stjarnan - Grótta 18-28**

**Stjarnan:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 4/2 (6/2), Helena Rut Örvarsdóttir 4 (18), Þórhildur Gunnarsdóttir 3 (4), Sólveig Lára Kjærnested 3 (6), Nataly Sæunn Valencia 2 (5), Stefanía Theodórsdóttir 1 (1), Kolbrún Gígja Einarsdóttir 1 (1).
**Varin skot:** Heiða Ingólfsdóttir 14 (41/4, 34%), Ástríður Þóra Scheving (1/1, 0%).
**Utan vallar:** 10 mínútur.
**Grótta:** Sunna María Einarsdóttir 5/5 (9/5), Lovísa Thompson 5 (10), Laufey Ásta Guðmundsdóttir 4 (7), Eva Margrét Kristinsdóttir 2 (2), Anna Katrín Stefánsdóttir 2 (2), Eva Björk Davíðsdóttir 2 (3), Unnur Ómarsdóttir 2 (4), Þórey Anna Ásgeirsdóttir 2 (5), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2 (5), Anett Köbli 1 (2), Þórunn Friðriksdóttir 1 (2),
**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 20 (34/2, 59%), Selma Jóhannsdóttir 1 (5, 20%).
**Utan vallar:** 8 mínútur

*Staðan í einvíginu er 2-0 fyrir Gróttu.*

Er miður mín að fá ekki að taka þátt í þessu ævintýri, en óska 23 frábærum leikmönnum til hamingju með valið á EM. Ég er samt alltaf klár.

Gunnleifur Gunnleifsson
**@GulliGull1**

EYJAMENN STÓRHUGA
ÍBV ætlar sér augljóslega stóra hluti í Olís-deild karla í handbolta á næstu leiktíð en í gær samdi liðið við Sigurberg Sveinsson sem kemur heim úr atvinnumennsku hjá Team Tvis Holstebro í Danmörku. Sigurbergur og félagar urðu deildarmeistarar í ár og eru komnir í undanúrslit í úrslitakeppninni. Sigurbergur verður hluti af ógnvænlegri útilínu Eyjamanna á næstu leiktíð ásamt Agnari Smára Jónssyni og leikstjórnandanum Róberti Aroni Hostert sem liðið fékk einnig til sín á dögunum. ÍBV tapaði í undanúrslitum Íslandsmótsins í ár en virðist staðráðið í að endurheimta Íslandsmeistaratitilinn sem það vann 2014.

Ber höfuðið hátt. Er að spila fyrir gott lið í góðri deild, ef það er ekki nóg þá verður bara að hafa það. Það voru forréttindi að fá að taka þátt í undankeppninni með þessu frábæra liði. Óska öllum strákunum alls hins besta í sumar.

Ólafur Ingi Skúlason
**@Oliskulason16**

UNITED UPP FYRIR CITY?
Eftir allt sem hefur gengið á hjá Manchester United á leiktímabilinu er liðið nú með meistaradeildarörlögin í eigin höndum en liðið kemst upp fyrir Manchester City með sigri á West Ham í kvöld. United er með 63 stig, tveimur stigum minna en City og á tvo leiki til góða. Eftir jafntefli City og Arsenal síðasta sunnudag dugar United að vinna West Ham í kvöld og Bournemouth í lokaumferðinni til að stela meistaradeildarsætinu af Manchester City. Sex stig í síðustu tveimur leikjunum hjá United þýðir að Pep Guardiola verður ekki með City í Meistaradeildinni næsta vetur.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.45 | West Ham - Man. Utd | Sport |
| 00.00 | SA Spurs - Oklahoma | Sport |

# VIÐ VÖÐVABÓLGU OG EYMSLUM

**Artasan kynnir** Sore No More er náttúrulegt hita- og kæligel sem er verkjastillandi og öflug meðferð við tímabundnum vöðvaeymslum, bólgum, harðsperrum og þreytu eftir stífar æfingar. Sore No More er einstök blanda af virkum plöntukjörnum í gelformi, án alkóhóls og kemískra íblöndunar- og geymsluefna.

**VIRKAR Á ALLA**

Matthildur Rósenkranz Guðmundsdóttir eða Lóló hefur starfað sem íþróttakennari og einkaþjálfari í World Class í hátt í 20 ár. Hún hefur notað Sore No More, bæði hita- og kæligelið, síðan það kom á markað og hefur þetta að segja: „Fólk kemur til mín í alls konar ástandi og með mismunandi markmið en stór hluti finnur fyrir vöðvabólgu, eymslum hér og þar, er með gigt eða einhvers konar krankleika. Ég mæli alltaf með Sore No More því það virkar strax og það er borið á og maður finnur gríðarlegan mun. Svo er frábært að nota það á gagnaugun við höfuðverk, á efri vörina við kvefi og á bringuna við hósta. Ég er rosalega hrifin af þessari vöru enda er hún náttúruleg og án allra kemískra aukaefna og hentar því öllum aldri. Ég á tvo stráka sem æfðu fótbolta og ég notaði Sore No More mikið á þá sem ég hefði auðvitað ekki gert nema ég hefði 100 prósent trú á vörunni.“

**NÁTTÚRULEGT OG ÁN KEMÍSKRA EFNA**

Sore No More er náttúrulegt gel sem gott er að nota á tímabundna verki og ónot. Í þúsundir ára hafa frumbyggjar í Mexíkó notað jurtakjarna til að lina verki og þjáningar. Með þekkingu og nútímatækni tókst framleiðendum Sore No More að þróa einstaka blöndu af virkum plöntukjörnum í gelformi án alkóhóls og kemískra íblöndunar- og geymsluefna. Fyrirtækið er með 30 ára reynslu í framleiðslu á fyrsta flokks vörum sem taka tillit til náttúrunnar og leggja upp úr hámarksgæðum. Ekki eru notaðar dýraafurðir eða gerðar prófanir á dýrum við framleiðsluna. Þessir framleiðsluhættir skila þér frábæru áhrifaríku og náttúrulegu efni sem hjálpað hefur milljónum manna til að lina verki og óþægindi.






> Ég mæli alltaf með Sore No More því það virkar strax og það er borið á og maður finnur gríðarlegan mun.
> Matthildur Rósenkranz Guðmundsdóttir

**VEIÐIFERÐIR OG FLUGNABIT**

Margir hafa uppgötvað, sér til mikillar ánægju, að þegar Sore No More er notað, koma flugurnar ekki nærri. Því er upplagt að nota þessa náttúrulegu vörn gegn bitvarginum í veiðiferðinni nú eða í sólarfríinu en við vitum flest hversu hvimleið og óþægileg flugnabit geta verið.

**HITAMEÐFERÐ**

- Virkar best á þráláta verki t.d. liðagigt, sinabólgur, tennisolnboga, frosna öxl og vefjagigt.
- Hjálpar við að auka hreyfigetu sem eykur blóðrás og náttúrlegan lækningamátt.
- Hitar upp!
- Mjög hentugt til að mýkja upp stífa vöðva fyrir æfingar.
- Náttúrulegur appelsínuilmur.
- Án alkóhóls, dýraafurða og festist ekki í fötum eða skilur eftir bletti.



Kælimeðferð er frábær á vöðvabólgu.

**KÆLIMEÐFERÐ**

- Hjálpar til við að lina bráða verki vegna byltu eða höggs.
- Frábært á vöðvabólgu og sem kæling eftir meðferð hjá kírópraktor.
- Góð og öflug kælivirkni án þess að valda óþægindum og ofkælingu á húð.
- Kælir rólega og djúpt inn í vöðvann.
- Upplagt eftir íþróttaæfingar til þess að minnka harðsperrur og vöðvaverki.
- Náttúrulegur sítrónuilmur.
- Án alkóhóls, dýraafurða og festist ekki í fötum eða skilur eftir bletti.

Áríðandi er að bera Sore No More ekki á opin sár eða í augu.

**Sölustöðir:**
Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana



Guðmundur Magni Jeannie Jón Arnar Helga Bobby Gunnsteinn

Helga Björg Þórólfsdóttir kírópraktor hefur hafið störf hjá Kírópraktorstofu Íslands.

Tímapantanir
í síma 527 2277.

Hryggurinn þinn er grunnur að góðri heilsu. Láttu ekki verki og óþægindi koma í bakið á þér.

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

Sporthúsinu / Dalsmári 9-11 / 201 Kópavogur / www.kpi.is




# LÍKAMINN AFTUR Í SAMA FARIÐ

Rannsókn á þátttakendum í áttundu seríu bandarísku Biggest Loser þáttanna leiddi í ljós að það hægði mjög á efnaskiptum þeirra á meðan og eftir að keppninni lauk. Það gerði það að verkum að mjög erfitt var fyrir keppendur að viðhalda þyngdartapinu til lengri tíma litið.



Daniel Cahill, sigurvegari áttundu seríu Biggest Loser, fyrir og eftir þátttökuna.

Raunveruleikaþátturinn The Biggest Loser hefur verið sýndur um allan heim og átt töluverðum vinsældum að fagna. Þátturinn snýst um það að keppendur, sem flestir eru í töluverðri ofþyngd, breyta um lífsstíl og reyna að losna við aukakílóin.



**Ólafur G. Sæmundsson næringarfræðingur.**

Niðurstöður nýrrar rannsóknar sem birtust í tímaritinu Obesity á dögunum vöktu mikla athygli, en í rannsókninni er keppendum í áttundu seríu bandarísku Biggest Loser þáttanna fylgt eftir í sex ár eftir þátttöku. Rannsóknin sýnir að næstum allir keppendurnir hafa þyngst aftur eftir að hafa misst mörg kíló meðan þeir tóku þátt í þáttunum árið 2009.

Danny Cahill, sigurvegari áttundu seríunnar, léttist um fleiri kíló en nokkur annar hafði gert í sögu þáttanna, eða um rúm 108 kíló. Hann hafði verið 195 kíló áður en þættirnir byrjuðu en sjö mánuðum síðar var hann orðinn 87 kíló.

Sex árum eftir að Danny stóð uppi sem sigurvegari í Biggest Loser hafði hann bætt á sig um fimmtíu kílóum þrátt fyrir að reyna eftir fremsta megni að halda sér í því formi sem hann var kominn í. Rannsóknin sýndi að flestir af keppendunum sextán höfðu sömu sögu að segja, þau höfðu bætt aftur á sig megninu af þeirri þyngd sem þau höfðu lagt sig svo mjög fram um að missa í þáttunum og voru sumir jafnvel orðnir þyngri en áður en þættirnir hófust.

## ALVARLEGAR AFLEIÐINGAR

Ólafur G. Sæmundsson næringarfræðingur segir þessar niðurstöður ekki hafa komið sér neitt sérstaklega á óvart. „Staðreyndin er sú að eftir því sem farið er rosalegar í átakið, eftir því sem minna er borðað, þeim mun meiri líkur eru á að það hafi neikvæð áhrif á brennslu. Aðferðafræðin sem notuð er í þáttum eins og Biggest Loser er langt í frá viðurkennd af aðilum sem telja má fróðasta í þessum efnum,“ segir Ólafur.

Hann segir að þegar fólk léttist leiti líkaminn alltaf upp í hæstu þyngd aftur. Helsta ástæða þess tengist fitufrumunum í líkamanum. „Fitufrumurnar leitast við að vera í eðlilegri stærð en þegar við ofbjóðum þeim og borðum fleiri hitaeiningar en líkaminn þarf á að halda þá fara fitufrumurnar að stækka umfram það sem telst eðlilegt. Við fitnum því og til þess að ná okkur aftur niður þurfum við að minnka fituna í fitufrumunum. Þó það gerist heldur teygjanleikinn í frumunum sér þannig að um leið og einstaklingur, sem var of feitur en hafði náð sér niður, fer að borða aftur of mikið þá fara aukahitaeiningarnar inn í fitufrumurnar og þær belgjast aftur út,“ útskýrir Ólafur.

## BRENNSLAN VARANLEGA HÆGARI

Rannsakendurnir vissu fyrirfram að flestir þeirra sem fara í megrun enda með hægari efnaskipti eftir megrunina. Það kom þeim því ekki á óvart að það ætti við um þátttakendurna í Biggest Loser. Það sem kom þeim hins vegar á óvart var að eftir því sem árin liðu og þyngdin hækkaði aftur þá jókst brennsla þátttakendanna ekki að sama skapi. Ef eitthvað var varð hún enn hægari. Sigurvegarinn Cahill þarf sem dæmi að innbyrða um átta hundruð færri hitaeiningar eftir að hann þyngdist aftur en vani er um mann í hans stærð.

„Það er alltaf einhver munur á brennslutölum eftir aðhald en þetta er mjög há tala sem skýrist líklega af því að fólkið hefur farið svo hratt í átakið á sínum tíma. Það þarf alltaf að passa upp á hitaeiningarnar þegar fólk er búið að létta sig. Því er svo mikilvægt að fólk sem hefur áhuga á að vinna í sínum málum til frambúðar læri inn á eðlilegt mataræði og reglubundna og hóflega hreyfingu sem það telur sig geta fylgt eftir það sem eftir er. Frá mínum bæjardyrum séð snýst það um að borða holla og fjölbreytta fæðu úr öllum fæðuflokkum og passa upp á að falla ekki fyrir kreddum og tískubólum. Að reyna að hafa mataræðið eins eðlilegt og frekast er kostur því þá er líklegra að það haldist þannig til lengri tíma,“ segir Ólafur.

**liljabjork@365.is.**







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# Eurovísir

10. maí 2016




# Greta er kvíðalaus og hlakkar til kvöldsins

Greta Salóme verður sextánda í röð keppenda til að flytja lag sitt, Raddirnar, frá Globenhöllinni í Stokkhólmi í kvöld. Átján lög keppa í kvöld og önnur átján á fimmtudag. Allt er tilbúið fyrir Eurovision-hátíðina og eflaust margir sem hlakka til að fylgjast með.





SPORTS DIRECT ÓSKAR
GRÉTU SALÓME
OG ÍSLENSKA HÓPNUM
GÓÐS GENGIS Í SVÍÞJÓÐ



Úti dansa skuggar og þeir skríða á eftir mér. Læðast inn í huga minn og leika sér. Og yfir svarta sandana við stígum hægt. Svo ég heyri þegar kallað er, segir í lagi Gretu, Raddirnar, en boðskapurinn hefur vakið athygli.

Síðustu dagar hafa verið annasamir hjá Gretu. Dagarnir þétt skipaðir. Í gær var dómararennsli sem er ákaflega mikilvægt fyrir keppendur þar sem stigin frá dómurunum gilda helming á móti sjónvarpsáhorfendum. „Ég finn ekki fyrir kvíða heldur miklu fremur tilhlökkun,“ sagði Greta í samtali við blaðið í gær, rétt fyrir dómararennslið. „Við erum tilbúin og hlökkum mikið til að koma þessum góða boðskap okkar á framfæri. Við erum búin að undirbúa okkur eins vel og við getum,“ segir hún.

Á sunnudag var haldin heljarinnar veisla til að bjóða keppendur velkomna til Stokkhólms. Keppendur gengu eftir rauðum dregli í veisluna þar sem mikill mannfjöldi hafði safnast saman til að fylgjast með. Greta segir að þetta hafi verið mjög skemmtileg veisla og gott andrúmsloft. „Við byrjuðum á stað sem er kallaður Euro Fan Club þar sem keppendur, fréttamenn og fleiri komu saman til að blanda geði. Síðan var farið í ráðhús borgarinnar þar sem var gríðarlega flott móttaka og margir frábærir listamenn komu fram. Það var létt yfir þessu og mjög góð stemning,“ segir hún.

Greta hefur ekki haft tíma til að skoða borgina en segist vera með frábært útsýni úr hótelherberginu. „Ég næ eiginlega að skoða borgina út um gluggann þegar ég vakna á morgnana,“ segir hún.

### Óútreiknanleg keppni

Greta vildi ekki spá hvort við fengjum að sjá hana á laugardag líka. „Það er eiginlega ómögulegt að segja til um það. Eurovision-keppnin er óútreiknanleg og erfitt að spá um hvernig atkvæðin falla. Vonandi náum við að koma boðskap okkar til skila en það hefur verið stefna mín frá upphafi að ná því. Keppnin er góður vettvangur fyrir boðskapinn í laginu.“

Greta segir að keppnin hafi stækkað og breyst töluvert frá því hún steig síðast á svið árið 2012 en það var í Bakú í Aserbaídsan. Þá söng Greta með Jónsa lagið Never forget sem komst í aðalkeppnina. „Það er ótrúlega gaman að sjá hversu mikil fjölbreytni er í þessari keppni núna. Mér finnst vera sérstaklega jákvætt andrúmsloft yfir keppninni og gaman að taka þátt aftur. Það eru tveir aðrir flytjendur í þessari keppni sem voru með mér í Bakú, Kaliopi frá Makedóníu og Donny Montell frá Litháen. Síðan sér maður ótrúlega mörg andlit sem virðast fylgja keppninni hvar sem hún er haldin. Mér finnst æðislegt að sjá svona kunnugleg andlit úti um allt. Ég hef kynnst mörgum hér og suma hafði ég hitt á Eurovision-kvöldum í Amsterdam og London áður en ég kom hingað. Það léttir mikið á andrúmsloftinu að hafa hitt keppendur áður. Hér eru allir vinir,“ segir Greta.

### Æðri tilgangur

Dönsku keppendurnir eru á sama hóteli og Greta. „Keppendur frá Norðurlöndum héldu sameiginlega veislu og þar hitti ég aðra norræna keppendur en gott samband hefur verið á milli okkar. Ég var með minn eigin blaðamannafund þar sem var létt og góð stemning. Þar var mikið talað um boðskap lagsins sem var ánægjulegt. Menn höfðu greinilega kynnt sér texta lagsins áður en þeir komu á fundinn.“ Textann má sjá hér á síðunni.

Greta segist upplifa svakalega tilhlökkun fyrir kvöldinu. „Ég held að það sé einhver æðri tilgangur með þessu lagi, ekki bara keppni heldur boðskapur sem skiptir máli. Svo er ég með fimm frábærar bakraddir, Pétur Örn Guðmundsson og Gísla Magna Sigríðarson, sem voru með mér í Bakú, og síðan Hafstein Þórólfsson, Kristján Gíslason og Lilju Björk Runólfsdóttur. Þau leika stórt hlutverk í sýningunni. Ég er á svo mikilli hreyfingu þannig að góðar bakraddir eru gríðarlega mikilvægar. Við erum samhentur og góður hópur. Raddirnar eru ekki einungis lag heldur líka listaverk. Ég hef fundið mjög góðan stuðning að heiman og ég held að allir geti hlakkað til kvöldsins.“



Greta Salóme á rauða dreglinum ásamt Jónatan Garðarssyni.

## Raddirnar

Úti dansa skuggar og þeir skríða á eftir mér
Læðast inn í huga minn og leika sér
Og yfir svarta sandana við stígum hægt
Svo ég heyri þegar kallað er

Ég heyri raddirnar, þær eru alls staðar
Ó, leiðið okkur að lokum heim
Og yfir auðnina, og inn í nóttina
Leiðið okkur að lokum heim

Ó ... ó ...
Nístir inn að beini, napur vindur þenur sig
Og það er sama hvað ég reyni, ó, hann fangar mig
Og yfir svarta sandana við stígum hægt
Svo ég heyri þegar kallað er
Ég heyri raddirnar, þær eru alls staðar
Ó, leiðið okkur að lokum heim
Og yfir auðnina, og inn í nóttina
Leiðið okkur að lokum heim
Ó ... ó ...
Ó, ég heyri, ég heyri raddirnar, ó ...
Ó, ég heyri, ég heyri raddirnar, ó ...
Ég heyri raddirnar, þær eru alls staðar
Ég heyri raddirnar, ég heyri
Ég heyri raddirnar, þær eru alls staðar
Ég heyri raddirnar, þær eru alls staðar
Ég heyri raddirnar, þær eru alls staðar
Ég heyri raddirnar, þær eru alls staðar
Ó leiðið okkur að lokum heim
(Og yfir auðnina, og inn í nóttina)
Leiðið okkur að lokum heim

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 12–80 ára lesa
Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla
sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

59,5% lesa Fréttablaðið

28,6% lesa Morgunblaðið

Skv. prentmiðlakönnun Gallup, janúar–mars 2016



Allt sem þú þarft ...

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

# SPORTS DIRECT.c

NÝ SENDING Í HVERRI VIKU

PIERRE CARDIN HERRA POLO BOLUR



2 FYRIR 3.790 KR. | FÁANLEGT Í FLEIRI LITUM | 2.790 KR.

LA GEAR DÖMU STUTTERMABOLUR



2 FYRIR 1.990 KR. | FÁANLEGT Í FLEIRI LITUM | 1.290 KR.

SOULCAL BARNA SKÓR



MEGA VALUE | 3.990 KR.

SLAZENGER HERRA HLÝRABOLUR



2 FYRIR 1.990 KR. | FÁANLEGT Í FLEIRI LITUM | 1.290 KR.

SLAZENGER HERRA STUTTBUXUR



2 FYRIR 2.890 KR. | FÁANLEGT Í FLEIRI LITUM | 1.890 KR.

SLAZENGER CLASSIC HERRA SKÓR



MEGA VALUE | EINNIG FÁANLEGT Á DÖMUR OG BÖRN | 5.990 KR.

SLAZENGER BARNA STUTTERMABOLUR



2 FYRIR 1.390 KR. | FÁANLEGT Í FLEIRI LITUM | 990 KR.

LA GEAR DÖMU KVARTBUXUR



2 FYRIR 2.890 KR. | FÁANLEGT Í FLEIRI LITUM | 1.890 KR.

FABRIC MERCY DÖMU SKÓR



MEGA VALUE | FÁANLEGT Í FLEIRI LITUM | 4.790 KR.

SLAZENGER BARNA KVARTBUXUR



2 FYRIR 2.790 KR. | FÁANLEGT Í FLEIRI LITUM | 1.790 KR.

SLAZENGER HERRA BUXUR



2 FYRIR 4.590 KR. | FÁANLEGT Í FLEIRI LITUM | 2.990 KR.

BRITISH KNIGHTS BARNA SKÓR



VERÐ FRÁ | EINNIG FÁANLEGT Í FLEIRI GERÐUM OG STÆRÐUM | 3.190 KR.

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.

SPORTS DIRECT.COM

Skógarlind 2

**Opnunartími**
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas



Hin **Fullkomna** Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com a íslandi!*

SPORTS DIRECT.COM GJAFAKORT





> **Uppáhaldslagið mitt er Love Shine a Light með Katarina and the Waves frá 1997 fyrir Bretland. Algjört konfekt.**
>
> *Felix Bergsson*

> **Ég er til dæmis að reyna að grafast fyrir um hvað hundur rússneska söngvarans heitir, ef ég gæti notað það í kynningunni.**
>
> *Gísli Marteinn Baldursson*

# Stjörnur í tveggja vikna sápukúlu

Felix Bergsson og Gísli Marteinn Baldursson eru sammála um að það sé mikil vinna að vera þulur í Eurovision-keppni. Þeir hafa báðir gegnt því hlutverki nokkrum sinnum og haft gaman af. Sumir keppendanna eru stórstjörnur í tvær vikur en svo tekur raunveruleikinn við.

Þeir Gísli Marteinn Baldursson og Felix Bergsson eiga það sameiginlegt að hafa verið þulir í útsendingu RÚV frá Eurovision. Felix var fyrst kynnir í Malmö árið 2013 og tók svo tvær næstu keppnir, í Kaupmannahöfn 2014 og Vín 2015. Gísli Marteinn hefur kynnt keppnina sex sinnum, í Jerúsalem 1999, Stokkhólmi 2000, Kaupmannahöfn 2001, Ríga 2003, Istanbúl 2004 og í Kíev árið 2005. Hann mun einnig verða þulur keppninnar í Stokkhólmi í ár.

Þeir segjast báðir vera sérlegir áhugamenn um keppnina og finnst hún frábær skemmtun. Við fengum þá til að svara nokkrum spurningum um Eurovision og upplifun þeirra af keppninni.

## Felix

***Hver er skemmtilegasta keppnin sem þú hefur verið á?***

Þær hafa allar verið mjög sérstakar og skemmtilegar og ómögulegt að nefna eina frekar en aðra. Malmö var sérstök því það var í fyrsta sinn sem ég var kynnir og ég naut þess að fylgjast með hinum frábæru sænsku atvinnumönnum búa til besta sjónvarp í heimi. Kaupmannahöfn var líka ótrúlega skemmtileg með Conchitu og Common Linnets frá Hollandi og svo var Vín allt öðruvísi, miðevrópsk og klassísk og mjög skemmtileg á sinn máta.

***Vakti einhver keppandi sérstaka athygli þína?***

Já, þeir eru sko margir. Norðmennirnir í fyrra, Debrah Scarlett og Mörland, voru algjörlega mögnuð og einstaklega viðkunnanlegt fólk. Þá fannst mér Sergej Ćetković frá Svartfjallalandi 2014 sérstaklega flottur söngvari og manneskja. Svo voru Pólverjarnir í Kaupmannahöfn ógleymanlegir með brjóstin úti og strokka á sviði. En þetta er nú bara til að nefna nokkra. Allir þessir listamenn eru manni enn ofarlega í huga.

***Hverjir voru bestu gestgjafarnir?***

Ég segi Vínarbúar. Þar var mjög vel tekið á móti okkur.

***Áttu þér uppáhalds Eurovision-lag?***

Já, uppáhaldslagið mitt er Love Shine a Light með Katarina and the Waves frá 1997 fyrir Bretland. Algjört konfekt.

***Hvert er uppáhalds íslenska lagið?***

Úff, þar er erfitt að velja. Ég segi Pollapönk. Þeir voru hreinlega stórkostlegir með lagið sitt Enga fordóma.

***Er mikil vinna fólgin í því að vera kynnir?***

Já, þetta er mikil yfirlega og ef maður vill gera þetta vel þarf maður að vera búinn að undirbúa sig áður en maður kemur út, taka svo inn stemninguna á staðnum og skrifa mjög nákvæm handrit sem maður er búinn að tímasetja. Ákaflega skemmtileg vinna.

***Hittir þú einhverjar stjörnur á keppnunum?***

Ég er auðvitað búinn að hitta Graham Norton og svo hittir maður allar Eurovision-stjörnurnar. Það var einstaklega gaman að rabba við Conchitu í Kaupmannahöfn og Ástralinn Guy Sebastian var líka mjög viðkunnanlegur. Það skrítna við Eurovision er hins vegar að sumir eru bara stjörnur í tvær vikur og svo springur sápukúlan og veruleikinn tekur við.

***Eignaðist þú einhverja vini í keppninni sem þú heldur sambandi við ennþá?***

Já, fjölmarga, og ég held sambandi við þá allt árið. Sumir þeirra eru farnir að mæta á Söngvakeppnina heima og aðrir eru stöðugt að bjóða manni til sín. Eurovision er vinafundur og ég hvet alla sem hafa áhuga að skella sér einhvern tímann og upplifa keppnina.

## Gísli Marteinn

***Hver er skemmtilegasta keppnin sem þú hefur verið á?***

Kaupmannahöfn 2001 var frábær því Danirnir gerðu þetta allt svo vel. Íslandi gekk að vísu illa og enginn man eftir eistneska sigurlaginu – en það var fullt af fínum lögum og skemmtileg stemning. Þetta er líka stærsta keppni sem hefur verið haldin, talið í fjölda áhorfenda í sal, enda var hún haldin á Parken.

***Hver finnst þér vera eftirminnilegustu atriði keppninnar – af hverju?***

Fyrir utan íslensku atriðin, sem ég man auðvitað best eftir, eru nokkur atriði sem ég get nefnt. Tatu-stelpurnar frá Rússlandi voru mjög eftirminnilegar í Ríga 2003, Olsen-bræður í Stokkhólmi 2000 því enginn hafði trú á þeim og íslenski hópurinn reyndi að vera almennilegur við þá og bjóða þeim með okkur að borða og svona. Mummy Trolls sem var fulltrúi Rússa árið 2001 er mjög fræg í heimalandinu og kemur meðal annars fyrir í skáldsögunni Hreinsun – þau urðu góðir kunningjar okkar. Ruslana kom til Íslands að kynna lagið sitt fyrir keppnina 2004 og varð fyrir vikið kunningjakona okkar alla þá keppni.

***Hverjir voru bestu gestgjafarnir?***

Svíar og Danir hafa gert þetta allra þjóða best.

***Áttu þér uppáhalds Eurovision-lag?***

Þau eru mörg, en ætli ég nefni ekki Divine með Sebastian Tellier.

***Hvert er uppáhalds íslenska lagið?***

All Out of Luck og Nína. Og síðan er Í síðasta skipti að vinna mjög hratt á.

***Hvað var skemmtilegast við að vera kynnir?***

Ætli það sé ekki það að fá tækifæri til að sökkva sér ofan í alls konar furðuleg smáatriði við framlög hverrar þjóðar. Núna er ég til dæmis að reyna að grafast fyrir um hvað hundur rússneska söngvarans heitir, ef ske kynni að ég gæti notað það í kynningunni.

***Tengjast kynnar ólíkra landa eitthvað?***

Já, heilmikið. Ég var síðast kynnir 2005, þannig að margir kunningjar mínir úr þessum bransa hafa hætt, en fleiri eru þó enn að. Það eru því fagnaðarfundir núna.

***Eignaðist þú einhverja vini í keppninni sem þú heldur sambandi við enn þá?***

Bresku vinir okkar, sem nú eru orðnir hluti af íslensku sendinefndinni, Peter, Paul og Jonathan, eru orðnir mjög mikilvægur hluti af hópnum. Þeir koma á eigin vegum ár eftir ár og vilja allt fyrir íslenska hópinn gera.




ÁRNASYNIR
# MEÐ HANDBRAGÐI FAGMANNSINS
Íslenska sveitin bregst aldrei. Þar er ferskleiki á hverjum hól og þar fær SS besta hráefni sem völ er á. Handbragð sterkra fagmanna SS gerir góða vöru enn betri og góð vara er lykillinn að góðum stundum. Veldu SS steikina með handbragði fagmannsins.
Íslenska sveitin og SS – fyrir þig.
Jurtakryddað
Afar bragðgott jurtakryddað lambalæri, meðal krydda er til dæmis rósmarín, kóríander, oregano og steinselja.
Bláberjakryddlegið
Lambalæri sett í bragðgóðan bláberjakryddlög.
Bragð frá Grikklandi
Ljúffengur kryddlögur með suðrænum áhrifum.
Grand Orange
Lambakjöt lagt í kryddlög með appelsínulíkjör.
Fjörulamb
Bragðgóð hollustuvara krydduð með íslenskum sjávarsölvum.
Bragð frá Ítalíu
Gómsætur kryddlögur með skemmtilegum ítölskum áhrifum.
Caj P's grillolía
Caj P's grilllöginn færðu bæði á lambakjöti og folaldakjöti.
SS

Síminn




Fylgstu með tístinu á Twitter

Fullkomin Eurovision kvöldstund með Sjónvarpi Símans

Sjónvarp Símans býður ekki aðeins upp á innlend og erlend Eurovisionlög í karaoke útgáfu, heldur getur þú fylgst með umræðunum á Twitter á skjánum meðan á keppninni stendur. Það eina sem þú þarft að gera til að sjá tístin er að ýta á bláa takkann á fjarstýringunni.

**Þú getur meira með Símanum.**

siminn.is

## FYRRI UNDANÚRSLIT

| | | | Plússtig + | Mínusstig ÷ |
|---|---|---|---|---|
| 01 | Finnland | Sandhja<br>**Sing it away** | | |
| 02 | Grikkland | Argo<br>**Utopian land** | | |
| 03 | Moldóva | Lidia Isac<br>**Falling stars** | | |
| 04 | Ungverjaland | Freddie<br>**Pioneer** | | |
| 05 | Króatía | Nina Kraljić<br>**Lighthouse** | | |
| 06 | Holland | Douwe Bob<br>**Slow down** | | |
| 07 | Armenía | Iveta Mukuchyan<br>**LoveWave** | | |
| 08 | San Marínó | Serhat<br>**I didn't know** | | |
| 09 | Rússland | Sergey Lazarev<br>**You are the only one** | | |
| 10 | Tékkland | Gabriela Gunšíková<br>**I stand** | | |
| 11 | Kýpur | Minus one<br>**Alter Ego** | | |
| 12 | Austurríki | ZOË<br>**Loin d'ici** | | |
| 13 | Eistland | Jüri Pootsmann<br>**Play** | | |
| 14 | Aserbaídsjan | Samra<br>**Miracle** | | |
| 15 | Svartfjallaland | Highway<br>**The real thing** | | |
| 16 | ÍSLAND | Greta Salóme<br>**Hear them calling** | | |
| 17 | Bosnía og Hersegóvína | Dalal & Deen feat. Ana Rucner and Jala<br>**Lubav je** | | |
| 18 | Malta | Ira Losco<br>**Walk on water** | | |

## SEINNI UNDANÚRSLIT

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 01 | Lettland | Justs<br>**Heartbeat** | | |
| 02 | Pólland | Michał Szpak<br>**Color of your life** | | |
| 03 | Sviss | Rykka<br>**The last of our kind** | | |
| 04 | Ísrael | Hovi Star<br>**Made of stars** | | |
| 05 | Hvíta-Rússland | IVAN<br>**Help you fly** | | |
| 06 | Serbía | Sanja Vučić ZAA<br>**Goodbye (Shelter)** | | |
| 07 | Írland | Nicky Byrne<br>**Sunlight** | | |
| 08 | Makedónía | Kaliopi<br>**Dona** | | |
| 09 | Litháen | Donny Montell<br>**I've been waiting for this night** | | |
| 10 | Ástralía | Dami Im<br>**Sound of silence** | | |
| 11 | Slóvenía | ManuElla<br>**Blue And Red** | | |
| 12 | Búlgaría | Poli Genova<br>**If love was a crime** | | |
| 13 | Danmörk | Lighthouse X<br>**Soldiers of love** | | |
| 14 | Úkraína | Jamala<br>**1944** | | |
| 15 | Noregur | Agnete<br>**Icebreaker** | | |
| 16 | Georgía | Nika Kocharov og Young Georgian Lolitaz<br>**Midnight gold** | | |
| 17 | Albanía | Eneda Tarifa<br>**Fairytale** | | |
| 18 | Belgía | Laura Tesoro<br>**What's the pressure** | | |

## POTTÞÉTT Í ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Frakkland | Amir<br>**J'ai cherché** | | |
| Þýskaland | Jamie-Lee<br>**Ghost** | | |
| Ítalía | Francesca Michielin<br>**No degree of separation** | | |
| Spánn | Barei<br>**Say yay!** | | |
| Svíþjóð | Frans<br>**If I were sorry** | | |
| Bretland | Joe and Jake<br>**You're not alone** | | |

| Samt. | Sæti |
| --- | --- |
| | |

# Eurovision STIGATAFLA

Atriðin í Eurovision eru eins mörg og þau eru margvísleg. Á slíkum stundum kemur stigatafla að góðum notum en þessa töflu getur þú notað til þess að gefa hverju lagi stig, ásamt því sem þau eiga möguleika á plús- og mínusstigum. Þú skráir stigin inn í töfluna jafnóðum, telur þau svo saman og þá þarftu ekki að vera í vafa um bestu lögin – að þínu eigin mati að minnsta kosti.

## Möguleg plússtig

### +1 Bjöguð enska
Það verður að viðurkennast að það gefur keppninni ákveðinn ljóma að skilja varla stakt orð í sumum lögunum. Við brosum auðvitað bara yfir því.

### +1 Ástaráróður
Æ, ástin er svo yndisleg. Tökum ástarlögunum fagnandi. Tvö plússtig ef flytjandi hrópar „We love you Europe!“

### +1 Gæsahúð
Vó!

### +1 Epic Sax Guy
Hljóðfæraleikari eða bakrödd sem stelur senunni.

### +1 Óvenjulegir leikmunir
Gott dæmi um óvenjulega leikmuni eru smákökur rússnesku ammanna árið 2012 og skautasvell Svartfjallalands árið 2014. Virkilega frumlegt!

### +1 Myndavéladaður
Flytjandi lætur okkur sem heima sitjum líða eins og við séum á staðnum. Eitt „blikk“ getur gert gæfumuninn.

### +1 Búningabreyting
Það er alltaf töff þegar skipt er um búninga í miðju atriði.



## Aukastig

### +1 Nágrannastig
Nágrannaþjóðir okkar fá að sjálfsögðu aukastig frá okkur. Það gengur ekki að við séum síðri en vinir okkar í Austur-Evrópu.

### +1 Vorkunnarstig
Æ, þetta á skilið stig af því bara.

### +1 Frumlegheit
Var atriðið óvenju frumlegt? Þá fær það aukastig.

## Möguleg mínusstig

### -2 Vindvélin
Nei, nei, nei. Nú er nóg komið. Ekki meiri vindvél! Tvö mínusstig á vindvélina – einn mínus dugar einfaldlega ekki til.

### -1 Hvítur klæðnaður
Hvíti klæðnaðurinn, líkt og vindvélin, er orðinn þreyttur.

### -1 Flytjandi heldur ekki lagi
Dómarar heima í stofu sætta sig ekki við falska nótu.

### -1 Lúftgítar og standandi píanóleikari
Við vitum öll að það spilar enginn á hljóðfæri á sviðinu. Mínusstig fyrir hljóðfærasóló af einhverju tagi.

### -1 Måns-áhrifin
Hversu ófrumlegt að leika eftir siguratriði síðasta árs? Mínusstig fyrir það. Nema þetta sé íslenska atriðið – alltaf plús á það.

### -1 Berfætti flytjandinn
Bindum vonir við að María okkar Ólafs hafi verið síðasti berfætti flytjandinn í Eurovision að minnsta kosti næsta áratuginn.

### -3 Drómi
Sofnaðir þú yfir laginu? Þá á það skilið að minnsta kosti þrjú mínusstig.

### -1 Konfetti
Greinilegt að þetta fólk er ekki vant því að þrífa heima hjá sér. Hugur okkar er hjá starfsfólki Globen.

### -1 Ímyndunarparið
Þið eruð ekki að plata neinn, það er ástæða fyrir því að þið eruð söngvarar, ekki leikarar.



Síminn




Nú getur þú tekið Eitt lag enn í Sjónvarpi Símans

All out of luck
Draumur um Nínu
Eitt lag enn
Enga fordóma
Gleðibankinn
Is it true
Karen
Lífið er lag
Minn hinsti dans
Nei eða já
Sóley
Tell me
Til hamingju Ísland
Ég lifi í draumi
Ég á líf
Þú og þeir (Sókrates)
Waterloo
Save your kisses for me
What's another year
Making your mind up
Hold me now
Love shine a light
Diva
Hard rock hallelujah
Fairytale
Satellite
Only teardrops
Rise like a phoenix
Say it again
Stay
Euphoria
Calm after the storm

Þú getur meira með Símanum.

siminn.is



Stefán og Eyfi baksviðs fyrir lokaæfinguna í Róm 1991. Með þeim á myndinni eru bakraddasöngkonurnar Eva Ásrún og Erna Þórarinsdóttir.



Frá undankeppninni 1991 þar sem Draumur um Nínu stóð uppi sem sigurvegari.

# Eintómir spaugarar með í för

Draumur um Nínu er með þekktari dægurlögum þjóðarinnar en það var framlag okkar í Eurovision-keppninni árið 1991. Hópurinn sem fór út til Rómar var skipaður einstaklega skemmtilegu fólki sem upplifði mörg ævintýri og eiga Stebbi og Eyfi margar góðar minningar frá förinni.

Aldarfjórðungur er síðan Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson fluttu lagið Draumur um Nínu í Eurovision-keppninni í Róm á Ítalíu. Þótt laginu hafi gengið hóflega vel í keppninni hefur það lifað góðu lífi meðal landsmanna allar götur síðan og er eitt af vinsælli dægurlögum okkar Íslendinga.

Stefán & Eyfi, eins og þeir kölluðu sig í keppninni, eiga hlýjar og góðar minningar frá förinni til Rómar sem einkenndist helst af stórskemmtilegu fólki sem var með í för. Hópurinn mætti vel æfður til Rómar og stemningin var virkilega góð að sögn Stefáns sem segir að Eyfi hafi valið í hópinn með skemmtanagildið í huga. „Fyrir vikið voru förunautar okkar eintómir spaugarar. Ég get t.d. nefnt Jón Ólafsson, sem stjórnaði hljómsveitinni með léttleika, en það birti ávallt yfir hljóðfæraleikurunum þegar hann steig í púltið. Píanóleikarinn var sérlega hrifinn af laginu okkar, enda í stóru hlutverki og skilaði sínu prýðilega. Ekki verður sagt að allir hljóðfæraleikararnir hafi átt toppkvöld og mér er sérlega minnisstætt saxófónsólóið í gríska laginu sem fór alveg forgörðum. Sá spilari hefur líklega gengið nokkuð beygður til náða þetta kvöld.“ Eyfi minnist einnig á þátt Péturs heitins Kristjánssonar sem var útgefandi lagsins og með í för. „Auðvitað sló Pétur í gegn en maður var eftir sig í þindinni þegar heim kom. Að öðru leyti gekk allt prýðilega fyrir sig og æfingarnar voru nánast formsatriði enda vorum við búin að æfa þetta vel heima. Ítalirnir gerðu þetta ágætlega og það var gaman að vera í Róm á þessum tíma.“

### Meinaður aðgangur

Þótt keppnin sjálf hafi verið í forgrunni gerði hópurinn margt sér til skemmtunar. Stefán rifjar upp sögu af gleðigjafanum Pétri. „Hópurinn fór m.a. í Vatíkanið. Þegar við hugðumst ganga inn í dýrðina, sjálft guðshúsið, þá var fararstjóranum, Pétri Kristjánssyni, meinaður aðgangur. M.ö.o. var Pétri ekki hleypt inn í Péturskirkjuna. Ástæðan var bolur sem hann skrýddist þennan dag, kyrfilega merktur þungarokkssveitinni Iron Maiden og skreyttur ískyggilegri, sumpart djöfullegri mynd. Eftir fortölur var fallist á að hleypa Pétri inn, ef hann klæddist og hneppti að sér skyrtu sem hann hafði á öxlunum. Vatíkansmenn eru greinilega lítt hallir undir þungarokkið.“

### Dó næstum úr hlátri

Það var mikið hlegið í ferðinni og Eyfi rifjar upp góða sögu þar sem hann segist hafa komist næst því bókstaflega að deyja úr hlátri. „Eftir eina æfinguna fórum við í skoðunarferð um frægt kvikmyndaver og stoppuðum m.a. við stóra Davíðsstyttu úr gifsi. Richard Scobie ákvað að halda í löngutöng Davíðs sér til stuðnings. Vildi þá ekki betur til en svo að puttinn brotnaði af styttunni. Þetta fannst mönnum frekar fyndið en Richie gekk um allt með fingurinn og þóttist vera að bora í nefið og var með alls konar fíflalæti tengd löngutöng. Koma þá öryggisverðir og handtaka Scobie og þurftu bæði Pétur Kristjáns og Sigmundur Örn hópstjóri að beita fortölum til að leysa bakraddasöngvarann úr haldi. Það er til myndbandsupptaka af ódæðinu en þarna held ég að ég hafi komist næst því að bókstaflega láta lífið úr hlátri.“

### Miklar breytingar

Aldarfjórðungur er liðinn frá ævintýrinu í Róm og keppnin hefur breyst mikið að sögn Stefáns. „Hún hefur gjörbreyst frá fyrstu hendi, er orðin miklu stærri í sniðum, tækni hefur fleygt fram og tíðarandinn breyst. Það er engin lifandi hljómsveit lengur, sviðið er orðið flatskjár í hólf og gólf og svo mætti lengi telja. Lögum hefur fjölgað mjög, keppniskvöldin orðin þrjú í stað eins þannig að það er mun erfiðara að ná fókus yfir keppnina en áður. Auðvitað er gaman að sjónarspilinu, þótt lögin séu misgóð, eins og alltaf. Ég læt mér nú nægja að horfa með öðru auganu á undankeppnina þar sem við eigum í hlut og svo kannski með báðum á lokakvöldið, ef fulltrúar okkar ná þangað.“ Eyfi er á svipuðum nótum, segist fylgjast minna með keppninni en áður. „Ég er eiginlega alveg dottinn úr þessum Eurovision-pælingum en horfi alltaf á í maí. Fyrir utan þá daga fylgist ég lítið með. Auðvitað koma annað slagið eftirminnileg lög út úr þessum keppnum, annað væri nú eitthvað skrítið.“

Félagarnir verða á faraldsfæti þegar lokakeppnin fer fram en þeir segjast ætla að reyna fylgjast með keppninni eins og hægt er og þá sérstaklega Íslendingunum. „Við fylgjumst auðvitað með okkar fólki en við vitum ekki hvort tími sé til að lyfta sér eitthvað upp sökum anna. Auðvitað vonum að okkar fólki gangi vel og segjum: Áfram Ísland!“





Engir tollar =
lækkað verð
hjá
Hrafnhildi
Framúrskarandi fyrirtæki
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Fljótlegt ofan í partígestina

Svava Gunnarsdóttir matgæðingur stingur upp á nokkrum þægilegum og gómsætum partíréttum fyrir Eurovisionkvöldið á bloggsíðu sinni Ljúfmeti og lekkerheit. Einn réttanna er fylltar tortillaskálar sem bornar eru fram með guacamole, sýrðum rjóma og salati.

„Það er mjög þægilegt að útbúa þennan rétt þegar tíminn er knappur því það tekur enga stund að gera hann. Því þykir mér hann góður kostur fyrir Eurovision í kvöld, sérstaklega fyrir þá sem eru uppteknir yfir daginn og hafa lítinn tíma til að standa í eldhúsinu," segir Svava um fylltar tortilluskálar fyrir Eurovisionpartíið. „Það má hæglega breyta fyllingunni eftir höfði hvers og eins, t.d. að skipta nautahakkinu út fyrir kjúkling eða að gera réttinn kjötlausan með því að fylla tortillaskálarnar með grænmeti. Þennan rétt geta allir gert, börn jafnt sem fullorðnir, og hann virðist vekja lukku hjá öllum aldurshópum. Meðlætið þarf ekki að vera flókið en mér þykir best að bera tortillaskálarnar fram með salati, guacamole, salsa, sýrðum rjóma og nachos."



Sniðugt er að nota bollakökuform undir tortillakökurnar og spreyja það að innan með olíu. MYND/LJUFMETI.COM

### FYLLTAR TORTILLASKÁLAR

**Mjúkar tortillakökur (minni tegundin)**
**1 bakki nautahakk**
**1 poki taco-krydd**
**um 1 dl vatn**
**um ½ krús taco-sósa**
**1 dós refried beans**
**Rifinn cheddar-ostur**

Steikið nautahakkið á pönnu, kryddið með taco-kryddi og hellið um 1 dl af köldu vatni yfir. Látið sjóða saman í nokkrar mínútur á pönnunni. Hrærið taco-sósu og refried beans saman við og setjið til hliðar. Spreyið olíu (ég nota PAM) í möffinsform og setjið tortillakökur í þau (það er allt í lagi þó þær standi upp úr), fyllið þær með nautahakksblöndunni og stráið rifnum cheddarosti yfir. Setjið í 200°C heitan ofn í 10-15 mínútur, eða þar til osturinn er bráðnaður. **www.ljufmeti.com**



Þegar fyllingin er komin í kökurnar fara þær inn í 200°C heitan ofn í 10-15 mínútur, eða þar til osturinn er bráðnaður. MYND/LJUFMETI.COM



Fullkominn partíréttur fyrir kvöldið. Berið fram með góðu salati, nachos og sýrðum rjóma, guacamole og salsa-sósu. MYND/LJUFMETI.COM






Kjóll Barböru þótti með því versta sem sést hafði í sögu Eurovision.

# Barböru Dex skammarverðlaunin

Allt frá árinu 1997 hafa aðdáendur Eurovision veitt hin svokölluðu Barböru Dex verðlaun. Verðlaunin hlýtur sá keppandi sem talinn er verst klæddur það árið. Nafn keppninnar er fengið frá hinni belgísku Barböru Dex sem söng fyrir hönd lands síns í Eurovision árið 1993. Lagið er löngu gleymt en menn muna enn eftir heimagerðu gagnsæju kjóla-skyrtumussunni sem Barbara klæddist og þótti með eindæmum ósmekkleg.



2007 Verka Serduchka - Úkraína

Hér eru nokkrir af þeim keppendum sem hlotið hafa þennan líklega óvinsæla titil. Þeir sem vilja kjósa í ár geta farið á síðuna www.eurovisionhouse.nl

**2015** Trijntje Oosterhuis - Holland
**2014** Vilija Mataciunaité - Litháen
**2011** Eldrine - Georgía
**2008** Gisela - Andorra
**2005** Martin Vucic - Makedónía
**2012** Rona Nishliu - Albanía
**2007** Verka Serduchka - Úkraína
**2004** Sandra Ladosi - Rúmenía



2005 Martin Vucic – Makedónía



2015 Trijntje Oosterhuis – Holland


SKRÁÐU ÞIG Í EUROVISION LUKKU-POTTINN Í VERSLUNINNI!
4 heppnir þátttakendur hljóta 10.000kr gjafabréf í ZikZak
Drögum mánudaginn 16. maí
Stærðir 36-56
EUROVISION
PARTÝ Í ZIK ZAK!
Glænýjar vörur, frábær tilboð og skemmtilegt happdrætti dagana 10.-14.maí
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL 7.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 5.990kr st. S-XXXL
PEYSA 5.990kr st. 36-48
KJÓLL 5.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXL
KJÓLL 5.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 6.990kr st. S-XXL
KJÓLL 5.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 5.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 7.990kr st. S-XXXL
Vegna fjölda áskorana þá höfum við stelpurnar ákveðið að framlengja tilboðunum á öllum úlpum og skóm!
Tilboðsverð 7.990,- Áður 9.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 6.990,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 9.950,- Áður 11.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 3.990,- Áður 4.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 4.790,- Áður 5.990,- st. 36-41
Einnig til í svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 36-56
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 42-56
Einnig til í svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 42-56
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. S-XXL
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. S-XXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314



## Poppið er ómissandi

Hér er tvenns konar popp sem gaman er að prófa fyrir Eurovision-kvöldið.

**Karamellupopp**

**3 msk. olía**
**1/4 bolli poppbaunir**
**6 msk. ósaltað smjör, skorið í bita**
**1/3 bolli ljós púðursykur**
**3 msk. ljóst kornsíróp**
**1 tsk. vanilludropar**
**1/4 tsk. salt**

Stillið ofninn á 150 gráður. Hitið olíuna í stórum potti á miðlungshita. Setjið poppbaunirnar í og poppið þar til tvær til þrjár sekúndur líða á milli popphljóðsins. Setjið poppið í stóra skál. Blandið saman í potti smjöri, sykri og kornsírópi. Hitið við miðlungshita og hrærið oft þar til blandan kraumar og verður ljósari að lit (um 3-5 mínútur). Blandið vanillu og salti út í. Hellið yfir poppið og blandið vel. Setjið poppið nú á bökunarplötu með bökunarpappír og hitið í ofninum í 30-35 mínútur. Hrærið í einu sinni á þessum tíma.

**Popp með smjöri og parmesan**

**Poppkorn poppað í potti**
**3 msk. ósaltað smjör**
**3 msk. rifinn parmesanostur**
**1/4 tsk. salt**

Brúnið smjörið í potti yfir meðalhita. Hrærið þar til smjörið fer að freyða og takið þá af hitanum. Um leið og það verður gullinbrúnt að lit er því hellt yfir poppið. Dreifið síðan parmesanostinum og salti yfir og hristið vel.



## Langur undirbúningur

Undirbúningur fyrir Eurovision-keppnina í Stokkhólmi hófst árið 2015. Í júlí á síðasta ári var ákveðið að keppnin skyldi haldin í Globenhöllinni í Stokkhólmi. Allnokkrar breytingar voru gerðar í kringum Globen vegna þessa viðburðar. Í febrúar var búið að teikna upp hvernig sviðið kæmi til með að líta út.

Kynnar kvöldsins voru ákveðnir í desember en það verða Petra Mede og Måns Zelmerlöw.

Ástralía verður með í keppninni í annað skiptið á laugardag en lag Ástrala hafnaði í fimmta sæti í Vín í fyrra. Það verður Guy Sebastians sem syngur fyrir Ástralíu lagið Tonight again.

Ákveðið var að 43 lönd myndu keppa til úrslita í ár en þar sem Rúmenía datt út verða lögin 42. Miðasala fyrir Eurovision hófst í nóvember.

Globe-höllin í Stokkhólmi er stærsta viðburðahús í Skandinavíu. Yfir tvær milljónir manna heimsækja Globe á ári hverju. Þar fara fram ýmiss konar sportviðburðir og tónleikar. Síðar í þessum mánuði verður Rod Stewart með tónleika þar.

## LAUFLÉTT SPURININGAKEPPNI

Eurovision-keppnin er tilefni til mannfagnaða af ýmsu tagi og eru fáir sem láta sig vanta í fjölskyldu- eða vinapartí þegar úrslitakvöldið rennur upp. Það er tilvalið að gera sem mest úr kvöldinu og efna til keppni á milli gesta. Þá er um að gera að fá fólk til að mæta í búningi og láta til dæmis hvern og einn velja uppáhaldsflytjanda fyrr og síðar til að herma eftir. Eins má hvetja gesti til að koma með veitingar í stíl við landið sem það heldur með. Til dæmis sænskar kjötbollur, svissneskt súkkulaði eða pólskan vodka svo dæmi séu nefnd.

**Hér eru nokkrar tillögur að spurningum sem má dreifa til gesta í upphafi kvölds. Þeim þarf að skila inn til dómara áður en stigagjöf hefst.Hvaða lönd lenda í 1.-5. sæti**
Í hvaða sæti lendir Ísland?
Hvað gefa Danir Íslendingum mörg stig?
Hvað gefa Íslendingar Svíum mörg stig?
Hverjum gefa Serbar 12 stig?
Hverjum gefa Armenar 12 stig?
Hverjum gefa Grikkir 12 stig?
Hvernig verður stigakynnir Spánar klæddur?
Hvort er stigakynnir Norðmanna karl eða kona?
Hvað verða margir flytjendur í hvítum fötum?
Hvað skipta kynnar kvöldsins oft um föt?





## BÍLAR & FARARTÆKI

STÓRA BÍLASALAN



Suzuki Vitara DDIS - Nýir bílar! Árgerðir 2016. Sjálfsk. Dísel. 4x4. Mjög vel útbúnnir bílar. Eigum bíla á staðnum. Verð aðeins 4.990.000kr. Raðnr 158335. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

bilauppbod.is

### ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



### SUMARSNATTARINN!!!

'04 VW POLO BASICLINE. EK 154þ, BENSÍN, BEINSK. ÁSETT 480 ÞÚS. # 451382. S: 580 8900



### DÍSEL SPARI YARIS!!!

'08 TOYOTA YARIS TERRA. EK 214þ. DÍSEL, BEINSK. ÁSETT 1.250 ÞÚS. #450182. S: 580 8900



### HVÍTA PERLAN!!!

'13 VW GOLF COMFORTLINE. EK 74þ, DÍSEL, BEINSK. ÁSETT 2.880 ÞÚS. #450423. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

SUZUKI



### SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR.

Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til i stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is



### FRÁBÆRT VERÐ !

AUDI Q5 quattro v6t 260 hö.5,9 sek í 100,2015 árg, ekinn 4 Þ.KM, dísel, sjk 7 gíra.nývirði 9,7m Tilboðsverð 8.2m Bíllinn er á staðnum núpalind 1 netbílar5885300 engin skipti Rnr.213423.

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi,**
**201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

## Bílar til sölu



Skoda Octavia árg. '08. Turbo Diesel 2L. Sjálfsk. Verð 1.150þ. S. 6162597

### ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR

Skoda, Partner, Berlingo, Clio, Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódýrir Díselbílar Sími: 534-0000

## 250-499 þús.



### SPARIBAUKUR 450ÞÚS !

VW polo árg. '04 ek. 152þús nýskoðaður 5 dyra beinsk. Ásett verð 590þús TILBOÐ 450 þÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

## 500-999 þús.



### LEXUS METAN - TILBOÐ 790ÞÚS

Lexus RX300 Metan árg '00 ek 188 þús, Leður, 6 diska magasin, Dráttarkrókur, smur og þjónustubók, alveg serstaklega ljúfur bíll, ásett verð 1190 þús TILBOÐ 790þús möguleiki á 100% vísaláni, get skoðað að taka ódyran uppí s. 841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Reiðhjól



RAFMAGNS-REIÐHJÓL
VERÐ FRÁ 129.800,-

EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Fellihýsi

Coleman Fletwood árgerð 2001,12 feta fellihýsi, Vel með farið, sólarsella, ísskápur, eldavél, miðstöð, fortjald. Verð kr. 850.000,- Uppl.í s. 618 3008

## Bátar

MARÁS
TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR




| | |
|---|---|
| Léttir | Kraftmiklir |
| Fyrirferðalitlir | Sparneytnir |
| Hljóðlátir | 2,5-140 hö |

Miðhraun 13 - 210 Garðabær

## Flug

### GEIRFUGL Á ÚTSÖLU !

Til sölu hlutur í flugklúbbi Geirfugls á 360.000 kr. oddureldjarn@gmail.com eða s. 6628804


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.




## Hjólbarðar


VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.


# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**
Ódýr alhliða garðyrkja. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald


HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910


Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald


VIÐHALD FASTEIGNA
JÁ IÐNAÐARMENN
Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist
Parketlagnir og viðhald
99% RYKFRÍTT
Bona


## Spádómar

Símaspá, spáí í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

**NUDDSTOFA DÍSU (201)**
Er nuddfræðingur með allt almennt nudd. Tek vel á vöðvabólgu, liðverkjum, bakvandamálum og sogæðavanda. Opið frá kl. 10-19 alla virka daga. Verið velkomin. Tímapantanir í s. 868-3379 - Dísa P.

Býð upp á heilnudd og slökun. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. 200 Kóp. S. 894 4817

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**SUMARSTARF**
Starfskraftur óskar í sumarafleysingar í matvælavinnslu í Mosfellsbæ.
**Frekari uppl. í s. 897 3236 eða á: raggi@nonnilitli.is**

Óska eftir vélstjóra með vs111 réttindi, stýrimann og einnig vanan háseta. Uppl. í s. 892 5522

**HÚSAVIÐGERÐIR**
Óska eftir manni í múr og sprunguviðgerðir. Reynsla æskileg. Uppl. í síma 618 5286 Þórður

**AUKAVINNA**
Aðstoð óskast við barnagæslu. Akstur í skóla og fl. og ræstingar, 15-20 klst á viku. Uppl. sendist til e.eiriks@simnet.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 775-7373**

## fasteignir


FASTEIGNASALA REYKJAVÍKUR
SKEIFAN 17

**OPIÐ HÚS** **ÞRIÐJUDAGINN 10. MAÍ KL. 17.30 - 18.00**



**MÍMISVEGUR 2A** **101 REYJKJAVÍK**
Fjölbýli
2 herb
Falleg íbúð við Mímisveg í Reykjavík. Björt stofa og svefnherbergi með svalir til suðurs.
**61.3 fm**
**31.900.000 KR.**
david@fr.is
**897 1533**

SKEIFUNNI 17 www.fr.is




**OPIÐ HÚS Í DAG**
**þriðjudaginn 10.maí kl.17:00-17:30**



Bókaðu skoðun:
**Páll Þórólfsson**
aðstoðm. fast.
sími: 893 9929
pall@miklaborg.is



**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Rúmgóð og vel skipulögð 130,3 fermetra hæð auk 23,6 fermetra bílskúr á þessum eftirsótta stað miðsvæðis í borginni
Eignin er talsvert endurnýjuð að innan
Skipting eignar: forstofa, fjögur svefnherbergi (eitt er nýtt sem sjónvarpsherbergi í dag), samliggjandi stofa og borðstofa, eldhús og baðherbergi
Verð: **51,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent
www.capacent.is

BERG FASTEIGNASALA

✓ Ertu í söluhugleiðingum?
✓ Vantar þig ráðgjöf?
✓ Hefur þú hugleitt endurfjármögnun?
Ekki hika við að hafa samband



**Pétur Pétursson**
**lögg. fasteignasali**



**Stefán Bjarki Ólafsson**
**lögg. fasteignasali**

Háholt 14, Mosfellsbær • Sími: 588 5530 • berg@berg.is www.berg.is • GSM 897 0047

**Klapparhlíð**



Falleg 118 fm. íbúð á jarðhæð í góðu fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Stór sólpallur afgirtur með góðum skjóveggjum. Parket og flísar á gólfum. Vandaðar innréttingar. Topp eign á vinsælum stað. Sundlaug og íþróttahús í göngufæri. Golfvöllur í næasta nágrenni. **Verð: 44 m.**

**Laxatunga**



Tveggja hæða 268 fm. einbýlishús við Laxatungu í Leirvogstunguhverfi. Björt og rúmgóð stofa, stórt eldhús með góðri innréttingu. 4 svefnherbergi og stór bílskúr. Útgengt á stórar svalir úr sjónvarpsholi á efri hæð. Stór lóð og óbyggt svæði til hliðar. Glæsilegt útsyni. Eign sem verðurgt er að skoða.
**Verð: 59.5 m.**

**Stórikriki. Mosfellsbæ**



Glæsilegt einbýli 260 fm. á góðum stað Krikahverfi. Allar innréttingar fyrsta flokks. Eikarinnréttingar, skápar og hurðir, allt sér smíðað. Mikil lofthæð. Hiti í gólfum. Stór garður og lóð. Tvíbreiður bílskúr. Stór sólpallur. Heitur pottur. Hellulagt bílaplan.Gæði í gegn. **Verð 86,9 m.**

**Lóðir við Ástu-Sólliljugötu í Helgafellsl.**



Erum með lóðir fyrir þrjú 4. íbúða hús á fallegum stað. Gatnagerðargjöld greidd. Verð samtals fyrir **12 íbúðir samtals. 72,5 milljónir.** Góð staðsetning með miklu útsýni.

## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Bólstaðarhlíð 41. 3ja herbergja íbúð - 60 ára og eldri.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




85,4 fm. íbúð á 4. hæð með yfirbyggðum flísalögðum svölum til suðurs. Húsvörður er í húsinu. Íbúðin er í húsi fyrir þá sem eru 60 ára og eldri og eru félagsmenn í Samtökum aldraða. Stofa og 2 herbergi. Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með vélum ásamt þurrkherbergi. Í húsinu er þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar.
**Verð 30.390.000.**

### Grettisgata 98. Endaíbúð

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Björt og vel skipulögð 116,9 fm. endaíbúð með gluggum í þrjár áttir og suðursvölum á 3. hæð í 5 íbúða fjölbýlishúsi. Íbúðin er þó nokkuð endurnýjuð, en haldið hefur verið í upprunalega eldhúsinnréttingu, sem er mjög falleg og innihurðir með glerjum í og lista og rósettur í loftum. Baðherbergi er nýlega endurnýjað með vönduðum tækjum. Aukin lofthæð er í íbúðinni. Frábær staðsetning. **Verð 44,9 millj.**

### Skaftahlíð 8 - 5 herbergja endaíbúð

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Talsvert endurnýjuð 126,0 fm. endaíbúð að meðt. sér geymslu. Íbúðin er mjög björt með gluggum á þrjá vegu. Samliggjandi stofur með útgengi á svalir til vesturs. Þrjú herbergi. Einnig útgangur á svalir úr hjónaherbergi. Ljóst parket á gólfum. Sameign snyrtileg.
**Verð 43,9 millj. Verið velkomin.**

### Hringbraut 115

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulögð 52,6 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. 5,3 fm. sér geymslu í kjallara. Stofa með góðum gluggum til suðurs. Eldhús með ljósri innréttingu. Húsið að utan var viðgert og steinað upp á nýtt árið 2014.
**Verð 24,7 millj.**

### Grandavegur 47 – 3ja herbergja íbúð- 60 ára og eldri.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45**




Mjög góð 86,6 fm. útsýnisíbúð á 2. hæð auk 7,5 fm. yfirbyggðra svala og 7,7 fm. sérgeymslu í kjallara. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu. Samliggjandi stofur með útsýni til sjávar. Tvö herbergi. Eignin var endurnýjuð að stórum hluta að innan af arkitekt fyrir um 10 árum síðan Húsvörður er í húsinu. Á efstu hæð hússins er sameiginlegur matsalur. **Verð 44,9 millj.**

## HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Vesturvangur 9 – Hafnarfjörður

**Opið hús í dag milli kl. 17 – 17.30**




Hraunhamar fasteignasala kynnir gott einbýli á einni hæð samtals um 193 fermerar á frábærum útsýnisstað í hraunjaðrinum við Vesturvang númer 9 í Norðurbæ Hafnarfjarðar. Hús laust strax.
Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi, forstofuherbergi, hol, stofu, borðstofu, eldhús, sjónvarpshol, tvö herbergi, baðherbergi, hjónaherbergi, þvottahús, bílskúr og geymslu **verð 59,9 millj.**

### Langamýri – Garðabær – Endaíbúð með bílskúr



Hraunhamar fasteignasala kynnir mjög góða 105,4 fermetra endaíbúð ásamt bílskúr við Löngumýri 57 í Garðabæ. Eignin er mjög vel staðsett í Mýrahverfi og er með sér inngang, yfirbyggðum svölum ca 12 fermetrar og sér geymslu og eru þessir fermetrar ekki inn í skráðum hjá Fasteignamati ríkisins. Eignin skiptist í forstofu, hol, sjónvarpsherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu, borðstofu, eldhús, yfirbyggar svalir, geymslu og bílskúr ásamt hefðbundinni sameign. **Verð 41,9.mill.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Breiðvangur 24, 220 Hf.

**Opið hús miðvikudaginn 11. maí frá kl. 17:30 – 18:00**












**Sérlega skemmtileg vel hönnuð 117,2 fm 4-5 herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu vel staðsettu og viðhöldnu fjölbýli í norðurbæ Hafnarfjarðar. Verð 32,8 millj.**

Hús að utan í góðu ástandi enda hefur viðhaldi verið vel sinnt á s.l. árum.

Eignin er mjög vel staðsett, leik- og barnaskóli í göngufæri og stutt í alla helstu þjónustu.

**Allar frekari uppl. veitir Hilmar Þór Bryde sölumaður hjá Hraunhamri fasteignasölu í síma 520-7500, gsm 892-9694, hilmar@hraunhamar.is**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## HOLTSVEGUR 37-39 GARÐABÆ

**OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG MILLI KL 17:15 OG 18**




- Glæsileg fjölbýlishús í Urriðaholti
- Vandaðar íbúðir í lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara
- Á efstu hæð eru glæsilegar penthouse-íbúðir
- Stærðir frá 100 til 140 fm
- Þriggja til fjögurra herbergja íbúðir



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
löggildur fasteignasali
GSM 899 1882
thorarinn@eignamidlun.is



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Löggiltur leigumiðlari,
löggiltur fasteignasali
GSM 824 9098
hilmar@eignamidlun.is

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ellý Dagmar Guðnadóttir**

Ásvegi 30, Akureyri,

lést á öldrunarheimilinu Hlíð 27. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Furuhlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

**Tryggvi Rafn Gunnarsson** **Olga Scheving**
**Gunnar Elvar Gunnarsson** **Hulda Rafnsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Kristinn Daníelsson**

Sautjándajúnítorgi 7, Garðabæ,

andaðist þann 24. apríl á líknardeild Landspítalans. Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar Karítas og starfsfólks líknardeildar í Kópavogi.

**Pálína Karlsdóttir**
**Kristján Sigurðsson** **Guðrún Sigurðardóttir**
**Kristín Sigurðardóttir** **Pétur Hugus**
**Pálína Harðardóttir**
**Ása Dís Kristjánsdóttir** **Anton Hilmarsson**
**Sigurður Kristjánsson**



Systir okkar, mágkona og frænka,

**Helga Sigurlína Karlsdóttir**

Lækjartúni 16, Akureyri,

lést þann 29. apríl á dvalarheimilinu Hlíð. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 11. maí kl. 13.30.

**Erna T. Karlsdóttir**
**Ragnheiður S. Karlsdóttir**
**Jón Emil Karlsson**
**Svala Karlsdóttir**
**Sveinn Karlsson**
**og fjölskyldur.**




**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

*Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing*

**Áratuga reynsla við útfararþjónustu**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**





Pétur hljóp lengst allra í hlaupinu í Svíþjóð en alls tóku 130 þúsund hlauparar þátt í hlaupinu víða um heim. .

# Skemmtilegra að hlaupa fyrir góðan málstað

**Pétur Sturla Bjarnason sigraði í hlaupi í Svíþjóð um helgina. Keppnin var haldin í 33 löndum samtímis. Pétur hljóp lengst allra þátttakenda, eða tæplega 58 kílómetra.**

Það er miklu skemmtilegra að hlaupa fyrir góðan málstað. Það verður öðruvísi stemming í kringum allt,“ segir Pétur Sturla Bjarnason hlaupari. Hann gerði sér lítið fyrir og sigraði í hlaupinu Wings for Life í Svíþjóð á sunnudag.

Hlaupið fór fram samtímis í 34 löndum en allur ágóði rann til styrktar rannsóknum á mænuskaða. Hlaupið er ræst á sama tíma í öllum löndunum og því þurftu sumir að hlaupa að nóttu til. Pétur hljóp hins vegar klukkan 13 að sænskum tíma frá bænum Kalmar. „Ég hljóp líka í fyrra og var þá í fjórða sæti,“ segir Pétur. Í fyrra hljóp hann 54,4 kílómetra en í ár 57,95 á 3:59.50.

